

Maí

2015



R3-Ráðgjöf ehf.
Br. Tryggvi Árnason

Hafnarfjarðarkaupstaður

Íþróttamál

Greining á samningum

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Samningar Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélögin	6
3. Greining samninga við íþróttafélög	8
Inngangur	8
3.1 Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH)	9
Samstarfssamningur dags. 21.02.2008	9
Samningur dags. 29.12.2010 ásamt fylgiskjali 1.....	9
Samningur um rekstrarstyrk til Íþróttabandalags Hafnarfjarðar dags. 10.02.2006	10
3.2 Fimleikafélag Hafnarfjarðar	12
Rekstrar- og leigusamningur dags. 30.04.2002	12
Fylgiskjal 1 með samningi: „Leiga á íþróttasal og rekstur skrifstofu“ dags. 30.04.2002	12
Verðtryggður greiðslusamningur vegna uppgjörs á sérstakri hlutdeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar í Íþróttamannvirkjum í Kaplakrika dags. 30.04.2002.....	13
Viðauki við fylgiskjal 1. með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar dags. 08.10.2009.....	13
Fylgiskjal 2 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH: „Samningur um útisvæði“ dags. 30.04.2002.....	14
Endurskoðað fylgiskjal 3 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH frá 30.04.2002: „Leiga á tímum í knattspyrnuhúsi FH í Kaplakrika“ dags. mars 2007	14
Fylgiskjal 4 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH: „Leiga á íþróttasal í félagsheimili“ dags. 27.01.2012	15
Endurskoðað fylgiskjal 5 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH frá 30.04.2002: „Leiga á tímum í Frjálsíþróttahúsi FH í Kaplakrika“ dags. 12.11.2014.....	15
3.2 Knattspyrnufélagið Haukar.....	18
Rekstrar- og leigusamningur dags. 12.04.2001	18
Endurskoðað fylgiskjal 1 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Hauka frá 12.04.2001: „Leiga á íþróttasal og rekstur skrifstofu“ dags. 14.11.2003	18
Endurskoðað fylgiskjal 2 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Hauka frá 12.04.2001: „Samningur um útisvæði“ dags. 16.03.2007.....	19
Endurskoðað fylgiskjal 3 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Hauka frá 12.04.2001: „Leiga á íþróttasal í félagsheimili“ dags. 17.01.2003.....	20

Verðtryggður greiðslusamningur vegna uppgjors á 20% hlutdeild Knattspyrnufélagsins Hauka í framkvæmdum við Íþróttamiðstöðina ásvöllum dags. 17.01.2003	20
Samningur um rekstrarstyrk til Knattspyrnufélags Hauka vegna skákdeildar félagsins dags. 24.02.2004.....	20
3.4 Fimleikafélagið Björk	22
Samningur um rekstrarstyrk til Fimleikafélagsins Bjarkar, dags. 06.03.2009.....	22
3.5 Íþróttafélag Hafnarfjarðar	24
Samningur um rekstrarstyrk til Íþróttafélags Hafnarfjarðar, dags. 21.02.2008	24
3.6 Golfklúbburinn Keilir	25
Rekstrarsamningur um íþróttasvæði og skrifstofu Golfklúbbsins Keilis dags. 21.02.2008	25
3.7 Siglingaklúbburinn Þytur	27
Samningur um rekstrarstyrk til Siglingaklúbbsins Þyts dags. 16.03.2007	27
3.8 Sundfélag Hafnarfjarðar	29
Samstarfssamningur. Rekstrar- og leigusamningur Hafnarfjarðarbæjar og Sundfélags Hafnarfjarðar dags. 20.05.2008.....	29
Fylgiskjal 1 með samningi á milli Hafnarfjarðarbæjar og SH dags. 20.05.2008.....	30
3.9 Kvartmíluklúbbur Hafnarfjarðar	32
Samningur um rekstrarstyrk til Kvartmíluklúbbs Hafnarfjarðar dags. 11.02.2005	32
3.10 Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	33
Samningur um rekstrarstyrk til Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar dags. 10.02.2006.....	33
3.11 Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	34
Samningur um rekstrarstyrk til Dansíþróttafélags Hafnarfjarðar dags 24.04.2002	34
3.12 Íþróttafélagið Fjörður	35
Samningur um rekstrarstyrk til Íþróttafélagsins Fjarðar dags. 10. 02.2006	35
3.13 Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	36
Samningur um rekstrarstyrk til Skotíþróttafélaga Hafnarfjarðar dags, 02.04.2001.....	36
Rekstrarsamningur um reiðskemmu og íþóttasvæði Hestamannafélagsins Sörla dags. 21.02.2008.....	37
3.15 Badmintonfélag Hafnarfjarðar	39
Samningur um rekstrarstyrk til Badmintonfélags Hafnarfjarðar dags. 21.02.2008	39
3.16 Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar	41
Samningur um rekstrarstyrk til Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar dags. 21.02.2008	41
3.17 Golfklúbburinn Setberg	42
Samningur um rekstrarstyrk Golfklúbbsins Setbergs dags. 24.04.2002.....	42
3.18 Fjöldi iðkenda hjá íþróttafélögum í Hafnarfirði	44

3.19 Upplýsingar um íþróttamannvirki í Hafnarfirði	46
4. Samantekt um framlög Hafnarfjarðarbæjar til íþróttafélaga	47
4.1 Framlög til afreksskóla íþróttafélaganna.....	48
4.2 Niðurfelling fasteignagjalda og lóðaleigu	49
4.3. Kostnaður Fasteignafélags Hafnarfjarðar við viðhald íþróttamannvirkja 2008-2014	50
4.4 Fjárfestingar í íþróttamannvirkjum hjá Fasteignafélagi Hafnarfjarðar árin 2005-2014	51
4.5 Samningur um kaup á eignarhlutum Knattspyrnufélags Hauka í íþróttamannvirkjum að Ásvöllum 1, dags. 28. des. 2012	51
5. Framlög nágrannasveitarfélaga til íþróttafélaga til samanburðar við Hafnarfjarðarbæ.....	52
5.1 Niðurgreiðslur (hvatapeningar) sveitarfélaga til iðkenda	55
Hafnarfjörður.....	55
Garðabær.....	56
Kópavogur	56
Reykjavík.....	56
Mosfellsbær.....	57
6. Samningsform Kópavogsbæjar skoðað	58
7. Tillögugerð um nýtt samningsform	60
8. Þarfagreining fyrir íþróttafélögin á viðbótaríþróttaaðstöðu á næstu árum, þ.m.t. húsnæði.....	62
9. Ábendingar skýrsluhöfundar	65

1. Inngangur

Samkvæmt samningi Hafnarfjarðarkaupstaðar og R3-Ráðgjafar ehf. dags. 8. desember 2014 tók R3-Ráðgjöf að sér að greina fyrirliggjandi samninga bæjarins við íþróttafélögin í Hafnarfirði, vinna samantekt um framlög til þeirra sl. 10 ár, samantekt um framlög nágrannasveitarfélaganna til íþróttafélaga til samanburðar við Hafnarfjörð og leggja fram tillögu um nýtt samningsform við félögin. Ennfremur var R3-Ráðgjöf falið að leggja fram þarfagreiningu á viðbótar íþróttaaðstöðu.

Helstu verkþættir samningsins eru:

- Greining núverandi samninga Hafnarfjarðarkaupstaðar við íþróttafélög.
- Samantekt framlaga Hafnarfjarðarkaupstaðar til íþróttafélaga sl. 10 ár.
- Samantekt um framlög nágrannasveitarfélaga til íþróttafélaga til samanburðar við Hafnarfjarðarkaupstað.
- Samningsform Kópavogsbæjar skoðað.
- Tillögugerð um nýtt samningsform.
- Þarfagreining fyrir íþróttafélögin á viðbótar íþróttaaðstöðu á næstu árum, þ.m.t. húsnæði.
- Greinargerð.

Af ýmsum ástæðum hefur verkið tekið lengri tíma en ætlað var í upphafi. Fulltrúar íþróttafélaga óskuðu eftir rýmri tíma til skila á upplýsingum á fundi með bæjarstjóra 30. janúar og varð hann við því. Allt fram á þennan dag hafa upplýsingar verið að berast og hefur þurft að ýta verulega á eftir því í nokkrum tilvikum. Úrvinnsla upplýsinga hefur einnig orðið mun tímafreakari en ætla mátti, ekki síst vegna ófullkominna gagna. Þá hefur verkefnið orðið meira að umfangi og mun ítarlegra en reiknað var með í upphafi.

Það er von okkar að þessi greining og tillögugerð komi að góðum notum í samskiptum Hafnarfjarðarkaupstaðar (hér oft nefndur Hafnarfjarðarbær) og íþróttafélaga í Hafnarfirði í framtíðinni og efli markvisst íþrótt- og æskulýðsstarf.

Reykjavík 26. maí 2015,

R3-Ráðgjöf ehf.

Br. Tryggvi Árnason

2. Samningar Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélögin

Samkvæmt upplýsingum frá Íþróttafulltrúa Hafnarfjarðar, eru í gildi samningar við eftirtalin félög:

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

- Samningur um rekstrarstyrk til Íþróttabandalags Hafnarfjarðar dags. 10.02.2006.
- Samstarfssamningur dags. 21.02.2008.
- Samningur dags. 29.12.2010.
- Fylgiskjal 1 með samningi dags. 29.12.2010.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar

- Rekstrar- og leigusamningur dags. 30.04.2002.
- Fylgiskjal 1 með samningi. Leiga á íþróttasal og rekstur skrifstofu dags. 30.04.2002.
- Verðtryggður greiðslusamningur vegna uppgjörs á sérstakri hlutdeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar í Íþróttamannvirkjum í Kaplakrika dags. 30.04.2002.
- Viðauki við fylgiskjal 1 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar dags. 08.10.2009.
- Fylgiskjal 2 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH: „Samningur um Útisvæði“ dags. 30.04.2002.
- Endurskoðað fylgiskjal 3 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH frá 30.04.2002: „Leiga á tímum í knattspyrnuhúsi FH í Kaplakrika“ dags. mars 2007.
- Fylgiskjal 4 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH: „Leiga á íþróttasal í félagsheimili“ dags. 27.01.2012.
- Endurskoðað fylgiskjal 5 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH frá 30.04.2002: „Leiga á tímum í Frjálsíþróttahúsi FH í Kaplakrika“ dags. 12.11.2014.

Knattspyrnufélagið Haukar

- Rekstrar- og leigusamningur dags. 12.04.2001.
- Endurskoðað fylgiskjal 1 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Hauka frá 12.04.2001: „Leiga á íþróttasal og rekstur skrifstofu“ dags. 14.11.2003.
- Verðtryggður greiðslusamningur vegna uppgjörs á 20% hlutdeild Knattspyrnufélagsins Hauka í framkvæmdum við Íþróttamiðstöðina Ásvöllum dags. 17.01.2003.
- Endurskoðað fylgiskjal 2 með rekstrarsamningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Hauka frá 12.04.2001: „Samningur um útisvæði“ dags. 16.03.2007.
- Endurskoðað fylgiskjal 3 með rekstrarsamningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Hauka frá 12.04.2001: „Leiga á íþróttasal í félagsheimili“ dags. 17.01.2003.
- Samningur um rekstrarstyrk til Knattspyrnufélags Hauka vegna skákdeildar félagsins dags. 24.02.2004.

Fimleikafélagið Björk

- Samningur um rekstrarstyrk til Fimleikafélagsins Bjarkar dags. 06.03.2009.

Íþróttafélag Hafnarfjarðar

- Samningur um rekstrarstyrk til Íþróttafélags Hafnarfjarðar dags. 21.02.2008.

Golfklúbburinn Keilir

- Rekstrarsamningur um íþróttasvæði og skrifstofu Golfklúbbsins Keilis dags. 21.02.2008.

Siglingaklúbburinn Þytur

- Samningur um rekstrarstyrk til Siglingaklúbbsins Þyts dags. 16.03.2007.

Sundfélag Hafnarfjarðar

- Samstarfssamningur. Rekstrar- og leigusamningur Hafnarfjarðarbæjar og Sundfélags Hafnarfjarðar dags. 20.05.2008.
- Fylgiskjal 1 með samningi á milli Hafnarfjarðarbæjar og SH dags. 20.05.2008.

Kvartmíluklúbbur Hafnarfjarðar

- Samningur um rekstrarstyrk til Kvartmíluklúbbs Hafnarfjarðar dags. 11.02.2005.

Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar

- Samningur um rekstrarstyrk til Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar dags. 10.02.2006.

Dasnsíþróttafélag Hafnarfjarðar

- Samningur um rekstrarstyrk til Dansíþróttafélags Hafnarfjarðar dags. 24.04.2002.

Íþróttafélagið Fjörður

- Samningur um rekstrarstyrk til Íþróttafélagsins Fjarðar dags. 10.02.2006.

Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar

- Samningur um rekstrarstyrk til Skotíþróttafélaga Hafnarfjarðar dags. 02.04.2001.

Hestamannafélagið Sörli

- Rekstrarsamningur um reiðskemmu og íþóttasvæði Hestamannafélagssins Sörla dags. 21.02.2008.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar

- Samningur um rekstrarstyrk til Badmintonfélags Hafnarfjarðar dags. 21.02.2008.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar

- Samningur um rekstrarstyrk til Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar dags. 21.02.2008.

Golfklúbburinn Setberg

- Samningur um rekstrarstyrk til Golfklúbbsins Setbergs dags. 24.04.2002.

3. Greining samninga við íþróttafélög

Inngangur

Þegar farið var að vinna að og afla upplýsinga um samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélögin í Hafnarfirði kom í ljós að nær ómögulegt var að afla upplýsinga um framlög og greiðslur sl. 10 ár eins og áætlað var. Ástæða þess er að skipt var um bókhaldskerfi hjá Hafnarfjarðarbæ árið 2007 og því takmarkast talnalegar upplýsingar fyrst og fremst við árin 2008-2014.

Mjög illa gekk að fá upplýsingar frá félögnum sjálfum um raunverulegan iðkendafjölda hjá þeim og virðist að þeim upplýsingum sé lítið haldið saman og ekki geymdar eins og nauðsynlegt væri. Það voru þó örfá félög sem lögðu vinnu í að skoða sínar iðkendaskrár og koma þær upplýsingar fram í umfjölun um hvert íþróttafélag. Önnur félög gáfu upp iðkendatölur sem eru skráðar í svokallað FELIX kerfi sem ISO hugbúnaður ehf. rekur og á. Það er gagnvirktt upplýsingakerfi sem meðal annars er notað af ÍSÍ til skráningar á fjölda iðkenda íþróttafélaga innan þess sambands. Félagin sjálf skrá inn í kerfið en það virðist vera eitthvað þungt í vöfum því ekki var mögulegt að fá upplýsingar um iðkendafjölda fyrir árið 2014 og eru þær ekki væntanlegar fyrr en á haustdögum 2015 samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra ÍBH (sjá nánar ábendingar skýrsluhöfundar á bls. 68).

Nora er hugbúnaðar- og greiðslukerfi sem rekið er af Greiðslumiðlun ehf. Það er fyrst og fremst greiðslukerfi fyrir greiðslukort sem hefur að einhverju leyti verið aðlagð sem upplýsingakerfi fyrir niðurgreiðslur sveitarfélaga til íþróttafélaga. Nær útilokað var að fá upplýsingar um það sem máli skipti fyrir skýrsluhöfund (og þar af leiðandi fyrir Hafnarfjarðarbæ og íþróttafélögin) um fjölda iðkenda og niðurgreiðslur til þeirra, skipt eftir félögum og íþróttagreinum. Skýrsluhöfundur tókst aðeins að fá upplýsingar um heildarfjölda iðkenda með niðurgreiðslu fyrir árið 2013 skipt upp eftir íþróttafélögnum í Hafnarfirði. Hluti lítilla félaga var tilgreindur hjá ÍBH en þar var ekki hægt að fá skiptingu á milli félaga á þeim fjölda sem var skráður hjá íþróttabandalaginu (sjá nánar ábendingar skýrsluhöfundar á bls. 68).

3.1 Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH)

Samstarfssamningur dags. 21.02.2008

Í samningnum er kveðið á um að Bæjarstjórn Hafnarfjarðar vinni að því að í fjárhagsáætlun hvers árs verði sérstök fjárveiting til þessara málaflokka:

1. Rekstrarstyrkja til ÍBH og aðildafélaga, vegna íþróttamannvirkja og skrifstofuhalds.
2. Til nýbygginga íþróttamannvirkja á vegum aðildarfélaga ÍBH í samræmi við forgangslista ÍBH.
3. Til meiriháttar viðhaldsframkvæmda íþróttamannvirkja í rekstri íþróttafélaga.
4. Rekstrarframlag til íþróttafélaga vegna yngstu iðkenda þeirra s.s. til trygginga, innanlandsferða, kennslu og námskeiða. Íþrótt- og tómsbundanefnd gerir tillögur til bæjarráðs um skiptingu þess fjár samkvæmt nánari reglum sem því eru settar.

Þar er einnig kveðið á um að ÍBH fái úthlutað tímum í íþróttamannvirkjum í eigu eða leigu bæjarfélags og öðrum íþróttahúsum og mannvirkjum sem bærinn hefur aðstoðað við að byggja. Tímafjöldi til úthlutunar ákveður íþrótt- og tómsbundanefnd hverju sinni, sem ÍBH sér síðan um að skipta á milli aðildafélaga og skal gæta jafnræðis í þeirri úthlutun. Hafnarfjarðarbær mun leigja ÍBH tíma í íþróttahúsum/mannvirkjum sínum fyrir sem næst sannvirði á rekstrarkostnaði. Reiknað er með því að íþróttahúsnæði/mannvirki í eigu íþróttafélaga fái hliðstæð leigugjöld og íþróttahús í eigu bæjarins.

Í 5. gr. er kveðið á um að rísi upp ósættanlegur ágreiningur um úthlutun tíma innan ÍBH geti íþrótt- og tómsbundanefnd afturkallað umboð ÍBH til úthlutunar á tímum í íþróttahúsum/mannvirkjum sem bærinn hefur ráðstafað og séð sjálf um úthlutunina.

Íþrótt- og tómsbundanefnd, í umboði Hafnarfjarðarbæjar, mun nýta íþróttamannvirki í eigu bæjarins til að gera aðstöðu íþróttafélaga til æfinga og keppni sem jafnasta.

Í 6 gr. er kveðið á um hverjir eru rekstrarstyrkir sem Hafnarfjarðarbær veitir og forgangsöröðun á byggingu íþróttamannvirkja á vegum ÍBH í samræmi við forgangsöröðun ÍBH. Einnig meiriháttar viðhaldsframkvæmdir, samkvæmt rekstrarsamningum við íþróttafélögin. Í 7 gr. er kveðið á um byggingu íþróttamannvirkja sem falla undir samninginn, kostnaðarskiptingu og fl. því tengt.

Íþrótt- og tómsbundanefnd ásamt íþróttafulltrúa Hafnarfjarðar skal fylgjast með því að samningum sé framfylgt og að íþróttamannvirki séu rekin samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þar um. Einnig hvernig tekið skuli á brotum á þeim.

Samningurinn er ótímabundinn en hvor aðili um sig getur sagt honum upp með 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót. Endurskoðun hans skal fara fram eftir fimm ár í ljósi reynslu. Ekki hefur orðið af endurskoðun samningsins.

Samningur dags. 29.12.2010 ásamt fylgiskjali 1

Samningurinn er þríliða samningur á milli Hafnarfjarðarbæjar, ÍBH og Alcan á Íslandi. Hann fjallar um styrki frá Hafnarfjarðarbæ og Alcan á Íslandi til eflingar á íþróttastarfi barna og unglinga. Aðildarfélögin fá framlag sem miðast við fjölda iðkenda 16 ára og yngri. Meðal annars er hægt að fá hærri styrki vegna hærra menntunarstigs þjálfara, ef gerð hefur verið námskrá eða heildstæð æfingaráætlun og fl. Samninginn má endurskoða árlega t.d. með tilliti til iðkendafjölda, umfangs og þjónustupáttu íþróttafélaganna. Samninginn í heild sinni átti að endurskoða í september 2013. Þá

áttu samningsaðilar að leggja mat á árangur samningsins. Samningurinn var endurskoðaður í heild sinni ásamt fylgiskjali 1 og hann undirritaður 30.12.2013.

Samningur um rekstrarstyrk til Íþróttabandalags Hafnarfjarðar dags. 10.02.2006

Hjá ÍBH starfar einn starfsmaður (framkvæmdastjóri) í fullu starfi. Skrifstofan er á 2. hæð í Íþróttahúsinu Strandgötu sem Hafnarfjarðarbær lætur ÍBH hafa endurgjaldslaust.

Samningurinn um rekstrarstyrk til ÍBH sem gerður var 10.02.2006 hljóðaði upp á að Hafnarfjarðarbær greiddi ÍBH 7,0 millj. kr. á ári til reksturs skrifstofu. Samningurinn er ekki bundin neinum vísitölum eða öðrum verðlagsbreytingum en heimild er í 4. gr. um árlega endurskoðun t.d. með tilliti til verðlagsþróunar.

Greiðslur vegna framlaga 2008 - 2014 í þús.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Skrifstofa	7.000	7.000	7.000	6.000	5.950	8.000	8.000
Afreks- og ferðasjóður	9.050	6.500	8.250	6.500	10.250	9.250	10.250
Alcan og Hafnarfjarðarbær	12.000	12.000	12.000	15.000	15.000	15.000	18.000
Samtals:	28.050	25.500	27.250	27.500	31.200	32.250	36.250
Breyting í % á milli ára.		-9,1	6,9	0,9	13,5	3,4	12,4

Afnot ÍBH af íþróttamannvirkjum í þús. kr. 2011 - 2014

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	2011	2012	2013	2014
Afnot íþróttamannvirkja	285.719	279.200	297.200	297.200
Samtals:	285.719	279.200	297.200	297.200
Breyting í % á milli ára.		-2,3	0,0	0,0

Umsögn skýrsluhöfundar

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) á að veita Hafnarfjarðarbæ þjónustu eins og kveðið er á um í þjónustusamningi frá 21.01.2008 og viðbótarsamningum. ÍBH á að vera sameiginlegur málsvari íþróttafélaganna í Hafnarfirði gagnvart Hafnarfjarðarbæ. Það vantar nokkuð á að samningnum sé framfylgt eins og kveðið er á um í honum. Ef ÍBH á áfram að vera samnings- og umsjónaraðili f.h. íþróttafélaganna gagnvart Hafnarfjarðarbæ og sjá um úthlutun styrkja, tíma og fl. fyrir hönd íþrótt- og tómstundanefndar Hafnarfjarðar, verður að styrkja og efla verulega rekstrargrundvöll þess. Fjölga þarf starfsfólki og endurskoða starfsaðstöðu, rekstur og starfshætti ÍBH. Gera þarf nýjan samning á milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar sem kveður ýtarlega á um verkefni, framkvæmd, verklag og þjónustu ÍBH við íþróttafélögin fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar og hvert hlutverk bandalagsins sé sem málssvari og samræmingaraðili félaganna. Skoða þarf hvort vilji sé til að ÍBH verði með fjármál, greiðslur og fl. til íþróttafélaganna í Hafnarfirði líkt og ÍBR er með í Reykjavík fyrir hönd borgarinnar.

Capacent ráðgjafarfyrtæki hóf að vinna að stefnumótun ÍBH í byrjun árs 2014 þar sem skerpa átti á áherslum og framtíðarsýn bandalagsins, auk þess sem skipulag og önnur innri mál yrðu skoðuð. Áfangaskýrsla var gefin út 20. apríl 2014 en lengra hefur verkefnið ekki farið. Nauðsynlegt er að ljúka þessu verkefni sem fyrst.

Skoða þarf, skýra og leysa nokkur atriði áður en nýr samningur verður gerður. Það er urgur og ósætti á milli sumra félaga og við ÍBH sem ekki er ásættanlegt. Fyrirhuguð málsókn Badmintonfélags Hafnarfjarðar við ÍBH er ein birtingarmynd þessa ósættis og snýr að vinnulagi og framkvæmd við úthlutun tíma og aðstöðu til félaganna, sem er ekki með ásættanlegum hætti að þeirra mati.

Óánægja er hjá nokkrum minni félaganna með samstarfið innan ÍBH og gagnvart þeim stærri (FH og Haukum). Telja minni félögin að FH og Haukar standi saman um að ná til sín mestu því fjármagni sem til skiptanna er og þar með að útiloka þau fyrrnefndu við að fá eðlilega þjónustu og stuðning um fjármagn frá Hafnarfjarðarbæ til viðhalds, framkvæmda og reksturs.

Nokkur minni félaganna innan ÍBH eru áánægð með að ÍBH hætti fyrir nokkrum árum að forgangsraða verkefnum varðandi nýframkvæmdir og endurbætur. Telja þau að stærri félögin sem hafa launaða starfsmenn eigi auðveldara með að sinna eftirfylgni mála og að koma sínum málum fram. Þau vilji hafa tengingu beint inn í stjórnkerfið með sín mál.

Í fundargerð fundar vinnuhóps um endurskoðun rekstrarsamninga íþróttafélaga sem haldinn var 15. janúar 2014, kemur fram fram undir dagskrárliðnum: „Gildandi samstarfssamningur Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH“:

„Skoða þarf hvað þurfi til að hægt sé að gera heildarsamning sem nái yfir alla flóruna. Fulltrúar íþróttafélaganna leggja áherslu á að allra stæstu félögin þurfi betri og nánari samskipti við bæjarfélagið. Rekstrarsamningar þurfi að vera á milli þeirra og bæjarins. Samstarfssamningur varðandi aðra styrki geti gengið þvert yfir línuna og að hægt sé að gera þar einn heildarsamning. Sérstakur samningur þarf s.s. að vera við þau félög sem reka mannvirki. Um verði að ræða sér samning um innra starfið sem taki þó á fjölbreytileiknum. Aðilar eru sammála um þessa leið.“

Undanfarin ár hefur safnast upp töluverður rekstrarafgangur hjá ÍBH. Þessi upphæð er nú um 30 millj. kr. Spurning er hvort það sé eðlilegt að starfsemi eins og ÍBH sé að safna fjármunum umfram það sem þarf til árlegs rekstrar og styrkja og að mæta smá áföllum eða ófyrirséðum útgjöldum. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra félagsins liggja ekki fyrir neinar áætlanir um ráðstöfun þessa fjár né að bæta við starfsfólki til að auka þjónustuna við þau félög sem standa að ÍBH og Hafnarfjarðarbæ.

3.2 Fimleikafélag Hafnarfjarðar

Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) er með umfangsmikinn rekstur og þjónustu í Kaplakrika. Þar hefur Hafnarfjarðarbær og Fimleikafélagið byggt upp myndarlega aðstöðu fyrir starfseminu og boðið er upp á fjölbreytta þjónustu fyrir Hafnfirðinga við æfingar og keppni fyrir börn, unglinga og meistaraflokka (afreksfólk) í knattspyrnu, handknattleik, frjálsum íþróttum, skyldingum og Íþróttaskóla FH.

Rekstrar- og leigusamningur dags. 30.04.2002

Með rekstrar- og leigusamningnum sem gerður var 30. apríl 2002 tekur FH að sér rekstur íþróttasvæðisins í Kaplakrika, en það er:

- íþróttahús
- búningshús
- áhaldahús
- gervigras
- grassvæði
- frjálsíþróttasvæði.

Samningurinn skiptist í eftirfarandi fimm kafla:

- I. **Umfang samnings**
- II. **Upplýsingaskýlda FH og viðurlög**
- III. **Afnot af íþróttamiðstöð FH í Kaplakrika**
- IV. **Viðhald**
- V. **Ýmislegt.**

Í 11. gr. samningsins er kveðið á um lengd hans, endurskoðun og fylgiskjöl með samningnum. Greinin hljóðar þannig:

Samningurinn gildir til ársloka 2022. Heimilt er að endurskoða hann eða fella úr gildi verði verulegar breytingar á umfangi rekstrar eða að forsendur fyrir rekstri íþróttasvæðisins breytast. Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir. Endurskoðun þessa samnings skal fara fram eigi síðar en 1. október 2004 og mat lagt á rekstrarniðurstöður liðins árs. Samningurinn hefur ekki verið endurskoðaður í heild sinni en sum fylgiskjöl samningsins hafa verið endurskoðuð.

Fylgiskjal 1 með samningi: „Leiga á íþróttasal og rekstur skrifstofu“ dags. 30.04.2002

Hafnarfjarðarbær tekur á leigu a.m.k. eftirfarandi tíma í íþróttahúsinu:

- Fyrir grunnskóla bæjarins 2.200 tíma á ári í 2-4 söllum alla virka daga frá kl. 08:00-17:00. Nánar tiltekið 220 tíma á mánuði í 10 mánuði. Íþróttafulltrúi og skólayfirvöld sjá um skipulagningu á tímanotkun. Ef skólarnir nýta ekki alla tímana er íþróttafulltrúa heimilt að láta þá til ÍBH sem úthlutar þeim til aðildarfélaga samkvæmt samþykktum reglum.
- Fyrir ÍBH til afnota og úthlutunar 2.280 tíma á ári í tveimur söllum, nánar tiltekið 190 tíma á mánuði í 12 mánuði kl. 17:00-23:00 alla virka daga og um helgar kl. 10:00-18:00. ÍBH úthlutar og skiptir tímum á milli aðildarfélaga sinna samkvæmt gildandi reglum.

Árlegur tímafjöldi sem Hafnarfjarðarbær tekur á leigu í íþróttasal er því 4.480 tímar sem samsvarar 373 tímum að jafnaði á mánuði.

Hafnarfjarðarbær greiðir 6.256 kr. í leigu fyrir hvern tíma vegna afnota af íþróttasal og greiðist það fyrirfram (6.256 x 373), alls 2.335.364 kr. á mánuði. Leigupphæðin breytist árlega í réttu hlutfalli við neysluvísitölu með grunnvísitölu 221,8 stig sem er vísitala aprílmánaðar 2002.

Allt að 200.000 kr. af árlegri fjárhagsáætlun íþróttahússins skal varið til viðhalds á tækjum og áhöldum fyrir íþróttakennslu grunnskólanna. Upphæðin breytist og tekur mið af eðlilegum verðlagsbreytingum. Á árunum 2010 - 2014 hefur viðhald og áhöld verið frá 8.500.000 kr. og upp í 11.700.000 kr. á ári.

Árlegt framlag vegna rekstrar skrifstofu samkvæmt 3. gr. aðalsamnings skal vera 3.500.000 kr. á ári og hefur sú upphæð haldist óbreytt síðan.

Verðtryggður greiðslusamningur vegna uppgjörs á sérstakri hlutdeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar í íþróttamannvirkjum í Kaplakrika dags. 30.04.2002

Fimleikafélag Hafnarfjarðar lofar að greiða Bæjarsjóði Hafnarfjarðar 26.0 millj. kr. Greiðandi skuldbindur sig til að greiða ofangreinda fjárhæð með 240 mánaðarlegum afborgunum sem skuldajafnað verði á móti samningi bæjarsjóðs og fimleikafélagsins dags. 30.04.2002, um rekstur Íþróttamiðstöðvar á Kaplakrika. Fyrsti gjalddagi er 01.09.2002. Ofangreind fjárhæð ber ekki vexti en er bundin neyslúverðsvísitölu með grunnvísitölu 221,8 stig. Höfuðstóll greiðslusamningsins breytist í réttu hlutfalli við grunnvísitölu samkvæmt ofanskráðu til greiðsludags. Ef ekki er staðið í skilum með greiðslu samningsins ber að greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti af hinni vangoldnu fjárhæð fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.

Staða samningsins í dag er 11,3 millj. kr. sem verið er að skuldajafna reglulega núna, en það hafa komið upp tímabil sem hafa frestast.

Viðauki við fylgiskjal 1. með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar dags. 08.10.2009

Þar eru gerðar breytingar við lið 2.0 og 5.0 þar sem hluti af nýbyggingum Íþróttamiðstöðvarinnar í Kaplakrika var tekinn í notkun í júlí 2010. Það er nýr aðalinngangur og tengibygging með nýjum bað- og búningsklefum, þreksal, sal á 1. hæð og stúkubyggingu.

Í leigu fyrir afnot af íþróttasal greiðir Hafnarfjarðarbær 11.071 kr. fyrir hvern tíma. Meðaltímafjöldi á mánuði er 337 og greiðist 4.129.783 kr. á mánuði fyrirfram. Samningurinn er bundinn neyslúvísitölu með grunnvísitölu 322,3 stig sem er vísitala desember 2008 og breytist leigufjárhæðin í réttu hlutfalli við þá vísitölu miðað við vísitölu janúarmánaðar ár hvert.

Þessi breyting tók gildi frá og með 1. september 2009 og gildir þar til endurskoðun á heildarsamningi frá 30.04.2002 á milli Hafnarfjarðarbæjar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar um rekstur Íþróttamiðstöðvar FH liggur fyrir.

Þá skal liggja fyrir endurskoðun á eldri heildarsamningi frá 30.04.2002 á milli Hafnarfjarðarbæjar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar um rekstur Íþróttamiðstöðvar FH í Kaplakrika í ljósi nýframkvæmda, s.s. vegna bað- og búningsklefa, íþróttasalar, lyftingasalar, félagsheimilis, frjálsíþróttasalar, útisvæðis og knattspyrnuhúss með tilliti til leigtímafjölda, leigugreiðslna, reksturskostnaðar, viðhaldsmála og skrifstofukostnaðar félagsins.

Leiguverð hvers tíma er nú 14.461 kr. og meðaltímafjöldi á mánuði 337. Þetta samsvarar 5.394.080 kr. á mánuði.

Fylgiskjal 2 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH: „Samningur um útisvæði“ dags. 30.04.2002

Hafnarfjarðarbær greiðir FH fyrir rekstur Íþróttasvæðisins í Kaplakrika, frjálsíþróttasvæðis, gervigrasvallar og grasvalla, samtals 8.590.000 kr. ár hvert. Fjárhæð þessi fylgir breytingu á byggingarvísitölu og skal grunnvísitala vera 275,8 stig sem er vísitala aprílmánaðar 2002. Greiða skal mánaðarlega fyrirfram fyrir einn mánuð í senn með 12 jöfnum greiðslum á ári, 715.840 kr. Nú er mánaðarleg greiðsla 1.572.097 sem er 18.865.164 kr. á ári.

Hafnarfjarðarbær sér um, eftir þörfum, og kostar slátt á grasvelli, áburðargjöf og sáningu, götun og söndun. Þetta þjónustuframlag Hafnarfjarðarbæjar skal metið á 2.424.000 kr. og tekur það mið af byggingarvísitölu líkt og í fyrsta lið. Árin 2009-2014 var þessi kostnaður eftirfarandi:

2009	2010	2011	2012	2013	2014
5.179.995	4.665.435	4.197.725	4.327.657	4.722.370	5.408.490

Vinnuframlag frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar skal vera í formi launa til unglunga í samræmi við vinnutíma þeirra hjá Vinnuskólanum ásamt launum flokksstjóra allt að 2.300.000 kr. Skipulag vinnunnar í Kaplakrika skal vera í fullu samráði við forstöðumann Vinnuskólans. Árið 2012 var þetta framlag 7.175.416 kr, árið 2013 7.306.346 og árið 2014 var það 7.716.670 kr. Það voru sjö flokksstjórar og 15 leiðbeinendur hjá FH á hverju sumri árin 2012-2014.

Lóðarleiga skal afgreidd sem styrkur til félagsins frá Hafnarfjarðarbæ, sem var árið 2002 um 800.000 kr. og mun íþróttafulltrúi sjá um millifærslur þar um samkvæmt samþykkt bæjarráðs.

Endurskoðað fylgiskjal 3 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH frá 30.04.2002: „Leiga á tímum í knattspyrnuhúsi FH í Kaplakrika“ dags. mars 2007

Hafnarfjarðarbær leigir 1.456 tíma í Knattspyrnuhúsi FH (Risanum) á ári. Leigutíminn er frá 1. janúar til 1. maí og frá 1. október til 31. desember ár hvert sem gerir að meðaltala 218 tímar á mánuði, framangreint tímabil, eftir nánara samkomulagi við rekstrarstjórn FH um skipulagningu notkunar.

ÍBH fær til afnota 1.232 tíma í Risanum til íþróttæfinga á ári sem úthlutar og skiptir tímum á milli aðildarfélaga sinna samkvæmt gildandi reglum. Öðrum tímum sem eru 224 á ári er úthlutað til grunnskóla og almennings og skal notkun ákveðin á milli aðila fyrir eitt ár í senn.

Hafnarfjarðarbær greiðir í leigu kr. 11.950 fyrir hvern tíma í Risanum. Leigan er bundin neysliverðsvísitölu með grunnvísutölu 266,2 stig sem er vísitala janúarmánaðar 2007 og breytist árlega í samræmi við það. Leigan greiðist fyrirfram og miðast við meðaltalitölu sem 122 tímar á mánuði en það samsvarar kr. 1.449.943 á mánuði, einn mánuð í senn.

Leigan er nú 18.899 kr. á tímum sem samsvarar 2.305.695 kr. á mánuði.

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2007 og er með sama gildistíma, endurskoðunar- og uppsagnarákvæði og heildarsamningurinn frá 30.04 2002 með áorðnum breytingum. Endurskoðun heildarsamningsins frá 30.04 2002 hefur ekki farið fram.

Fylgiskjal 4 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH: „Leiga á íþróttasal í félagsheimili“ dags. 27.01.2012

Hafnarfjarðarbær leigir 1.200 tíma í sal félagsheimilis FH sem janfgildir 100 tímum að meðaltali á mánuði.

ÍBH fær til afnota 1.200 tíma í íþróttasal félagsheimilis til íþróttaæfinga á ári sem það úthlutar og skiptir tímum á milli aðildarfélaga sinna samkvæmt gildandi reglum.

Hafnarfjarðarbær greiðir í leigu 3.842 kr. fyrir hvern tíma í íþróttasalnum. Leigan er bundin neysliverðsvísitölu með grunnvísitölu 383,3 stig sem er vísitala septembermánaðar 2011. Höfuðstóll leigu breytist í réttu hlutfalli við breytingar á vísitölu frá grunnvísitölu miðað við vísitölu janúarmánaðar ár hvert. Leigan greiðist fyrirfram og miðast við meðaltalsvísitölu sem 100 tímar á mánuði en það samsvarar kr. 384.200 á mánuði, einn mánuð í senn.

Leigan er nú 4.220 kr. á tímann sem samsvarar 421.989 kr. á mánuði.

Samningurinn gildir frá 27.01.2012 og er með sama gildistíma, endurskoðunar- og uppsagnarákvæði og heildarsamningurinn frá 30.04.2002 með áorðnum breytingum. Þá skal liggja fyrir endurskoðun á eldri heildarsamningi frá 30.04.2002 á milli Hafnarfjarðarbæjar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar um rekstur Íþróttamiðstöðvar FH í Kaplakrika í ljósi nýframkvæmda s.s. vegna bað- og búningsklefa, íþróttasalar, lyftingasalar, félagsheimilis, frjálsíþróttasalar, útsvæðis og knattspyrnuhúss með tilliti til leigtímafjölda, leigugreiðslna, reksturskostnaðar, viðhaldsmála og skrifstofukostnaðar félagsins.

Endurskoðað fylgiskjal 5 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH frá 30.04.2002: „Leiga á tímum í Frjálsíþróttahúsi FH í Kaplakrika“ dags. 12.11.2014

Hafnarfjarðarbær leigir 1.800 tíma í Frjálsíþróttahúsi FH í Kaplakrika sem janfgildir 150 tímum að meðaltali á mánuði.

ÍBH fær til afnota 1.600 tíma í íþróttasal frjálsíþróttahúsinu til íþróttaæfinga á ári, nánar tiltekið 133 tíma á mánuði í tólf mánuði eftir nánara samkomulagi við rekstrarstjórn FH um skipulagningu notkunar. ÍBH úthlutar og skiptir tímum á milli aðildarfélaga sinna samkvæmt gildandi reglum. Öðrum tímum sem eru 200 á ári er úthlutað til grunnskóla og almennings og skal notkun ákveðin á milli aðila fyrir eitt ár í senn. Rekstraraðila ber sérstaklega að skipuleggja og kynna notkun á tímum fyrir almenning.

Hafnarfjarðarbær greiðir í leigu 7.511 kr. fyrir hvern tíma í frjálsíþróttahúsinu. Leigan er bundin neysliverðsvísitölu með grunnvísitölu janúarmánaðar 2014 (415,9 stig. innskot skýrsluhöfundar) og breytist árlega í samræmi við það. Leigugjaldið greiðist fyrirfram og miðast við meðaltalitölu samkvæmt framansögðu sem er 150 tímar á mánuði sem samsvarar 1.126.650 kr. á mánuði, einn mánuð í senn. Heildarleigan á ári er 13.520.000 kr.

Leigan er nú 7.603 kr. á tímann sem samsvarar 1.140.466 kr. á mánuði.

Samningurinn gildir frá 1. ágúst 2014. Gildistími er til eins árs og skal þá endurskoðaður í ljósi reyningu af rekstri hússins. Samningurinn er hluti af heildarsamningi um rekstur íþróttamannvirkja FH í Kaplakrika og er með sömu ákvæði um endurskoðun, uppsagnarákvæði og heildarsamningurinn frá 30.04.2002 með áorðnum breytingum.

Greiðslur vegna framlaga, reksturs húsnæðis og valla 2008 - 2014 í þús. kr.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
611 Kaplakrikavöllur	18.793	17.704	12.279	13.748	13.418	11.736	19.583
518 Knatthúsið í Kaplakrika	19.585	21.066	21.181	24.426	27.730	26.804	27.236
512 Íþróttamiðst. Kaplakrika	37.801	45.244	53.454	47.033	76.230	66.060	96.960
Samtals:	76.179	84.014	86.914	85.207	117.378	104.600	143.779
Breyting í % á milli ára.		10,3	3,5	-2,0	37,8	-10,9	37,5

ATH: Í greiðslum 2014 er verið að leiðrétta eldri framlög vegna íþróttamiðstöðvarinnar og einnig er þar söndun á Kaplakrikavelli að upphæð rúmar 4.0 millj. kr.

Umsögn skýrsluhöfundar

Rekstrarreikningar Fimleikafélags Hafnarfjarðar, aðalstjórnar, eru ekki sundurliðaðir miðað við rekstur einstakra mannvirkja þess eða samninga við Hafnarfjarðarbæ um rekstur þeirra. Því er ekki hægt að bera saman rekstrarreikninga félagsins og einstaka samninga Hafnarfjarðarbæjar við Fimleikafélagið nema með nánari sundurgreiningu á rekstrinum. Orðið var við óskum skýrsluhöfundar um nánari upplýsingar og sundurliðanir eftir því sem hægt var.

Samningarnir á milli FH og Hafnarfjarðarbæjar gera ráð fyrir að greitt sé til félagsins í formi leigu á tímum sem standa eigi undir kostnaði mannvirkjanna og starfsmanna við rekstur þeirra. Einnig er föst upphæð fyrir rekstur skrifstofu. Ekkert er í samningunum á milli FH og bæjarins, um að Hafnarfjarðarbær sé jafnframt að kaupa af félaginu þjónustu varðandi barna- og unglingsstarf hjá FH við íþróttabjálfun og kennslu fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Við skoðun á rekstrarreikningum FH á mannvirkjum í Kaplakrika til samanburðar við framlög Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt „Rekstrar- og leigusamningi dags. 30. apríl 2002“ ásamt fylgiskjölum frá 1-5, kemur í ljós að greiðslur bæjarins eru mun hærri en sem nemur rekstrarkostnaði þeirra. Það munar sem nemur um 15-25 millj. kr. á ári undanfarin ár. Þessi mismunur er nokkuð misjafn á milli ára en árið 2014 er hann um 22.0 millj. kr. Svo virðist sem leigu- og rekstrargreiðslum séu einnig ætlað að standa undir öðrum kostnaði.

Skoða þarf hvort ekki megi stytta afnot skóla af aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi þeirra í Kaplakrika til kl. 14:00 eða 15:00 en þau eru samkvæmt samningnum til kl. 17:00 á meðan á skólaári stendur.

Endurskoðað fylgiskjal 3 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH frá 30.04 2002: „Leiga á tímum í knattspyrnuhúsi FH í Kaplakrika“ dags. mars 2007

Þessi samningur um leigu á tímum í knattshúsi FH er frá því í mars 2007, á milli Fimleikafélags Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbæjar. Hann er í raun við FH-Knatthús ehf. kt. 630804-2480, sem er í eigu Fimleikafélags Hafnarfjarðar og Knattspyrnudeildar FH. Samkvæmt honum er greitt fyrir 1.456 tíma. Verð fyrir hvern tíma er mjög hátt miðað við rekstrar- og stofnkostnað mannvirkisins, sem er alfarið í eigu FH-Knatthúsa ehf.

Ekkert ákvæði er í samningnum um að Hafnarfjarðarbær sé að eignast hlut í húsinu við hverja greiðslu heldur er öll eignamyndum, vegna greiðslna fá Hafnarfjarðarbæ, hjá FH-Knatthúsum ehf.

Verulegur hagnaður er á rekstri FH-Knatthúsa ehf. fyrir fjármagnsliði. Á árinu 2014 nam hagnaður eftir rekstur og fjármagnsliði 25.44% af rekstrartekjum.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar - Iðkendur 2013 - 2014

Greidd iðgjöld	2010	2011	2012	2013	2014
				6-16 ára	6-16 ára
HSÍ				278	248
KSÍ				736	824
Frjálsar				105	122
Skylmingar				31	26
Samtals				1.150	1.220
Breyting í % á milli ára.					6,1

Felix <16 ára, samtals.	1.527	1.339	2.763	2.763
-----------------------------------	--------------	--------------	--------------	--------------

Á árinu 2013 virðist sem rúmlega 100 % iðkenda að 17 ára aldri, hafi fengið niðurgreiðslu æfingagjalda samkv. upplýsingum úr Nóra kerfinu.

3.2 Knattspyrnufélagið Haukar

Knattspyrnufélagið Haukar er með umfangsmikinn rekstur og þjónustu á Ásvöllum. Þar hafa Hafnarfjarðarbær og Haukar byggt upp myndarlega aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi félagsins sem bíður upp á fjölbreytta þjónustu fyrir Hafnfirðinga við æfingar og keppni hvort sem er fyrir börn, unglinga og meistaraflokka (afreksfólk). Félagið er með knattspyrnu, handknattleik, körfubolta, karate, skák, almenningsíþróttadeild og Íþróttaskóla Hauka.

Rekstrar- og leigusamningur dags. 12.04.2001

Með rekstrar- og leigusamningnum sem gerður var 12.04.2001 tekur Knattspyrnufélagið Haukar að sér rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar að Ásvöllum, en það er:

- íþróttahús
- búningshús
- gervigras
- grassvæði
- önnur útisvæði.

Samningurinn skiptist í fimm kafla:

- I. **Umfang samnings**
- II. **Upplýsingaskylda Hauka og viðurlög**
- III. **Afnót af íþróttamiðstöð Hauka á Ásvöllum**
- IV. **Viðhald**
- V. **Ýmislegt.**

Í 11. gr. samningsins er kveðið á um lengd hans, endurskoðun og fylgiskjöl með samningnum. Hún hljóðar þannig:

Samningurinn gildir til ársloka 2021. Heimilt er að endurskoða hann eða fella úr gildi verði verulegar breytingar á umfangi rekstrar eða að forsendur fyrir rekstri íþróttasvæðisins breytast, s.s. ef greiðslur Hafnarfjarðarbæjar skerðast verulega. Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir. Endurskoðun þessa samnings skal fara fram eigi síðar en 1. október 2002 og mat lagt á rekstrarniðurstöður liðins árs.

Endurskoðun hefur ekki farið fram. Það hafa bara verið endurskoðuð fylgiskjöl samningsins.

Endurskoðað fylgiskjal 1 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Hauka frá 12.04.2001: „Leiga á íþróttasal og rekstur skrifstofu“ dags. 14.11.2003

Hafnarfjarðarbær tekur á leigu a.m.k. eftirfarandi tíma í íþróttahúsinu:

1. Fyrir grunnskóla bæjarins 2.200 tíma á ári í 2-4 sölum alla virka daga kl. 08:00-17:00. Nánar tiltekið 220 tíma í 10 mánuði. Íþróttafulltrúi og skólayfirvöld sjá um skipulagningu á tímanotkun. Ef skólarnir nýta ekki alla tímana er íþróttafulltrúa heimilt að flytja þá til ÍBH sem úthlutar þeim til aðildarfélaga samkvæmt samþykktum reglum.
2. Fyrir ÍBH eru til afnota og úthlutunar 2.280 tímar á ári í tveimur sölum, nánar tiltekið 190 tímar á mánuði í 12 mánuði kl. 17:00-23:00 alla virka daga og um helgar kl. 10:00-18:00. ÍBH úthlutar og skiptir tímum á milli aðildarfélaga sinna samkvæmt gildandi reglum.

Árlegur tímafjöldi sem Hafnarfjarðarbær tekur á leigu í íþróttasal er því 4.480 tímar sem samsvarar 373 tímum að jafnaði á mánuði.

Hafnarfjarðarbær greiðir 7.579 kr. í leigu við hvern tíma fyrir afnot af íþróttasal og greiðist það fyrir fram (6.256x373) 2.827.055 kr. á mánuði. Leigupphæðin breytist árlega í réttu hlutfalli við neysluvísitölu með grunnvísitölu 229,0 stig sem er vísitala októbermánaðar 2003.

Núverandi leiguverð fyrir hvern tíma er 13.933 kr. nánar tiltekið 190 tímar á mánuði miðað við 12 mánuði sem gerir 5.197.175 kr. á mánuði.

Allt að 250 þús. kr. af árlegri fjárhagsáætlun íþróttahússins skal varið til viðhalds á tækjum og áhöldum fyrir íþróttakennslu grunnskólanna. Upphæðin breytist og tekur mið af eðlilegum verðlagsbreytingum.

Árlegt framlag vegna rekstrar skrifstofu samkæmt 3. gr. aðalsamnings skal vera 3.500.000 kr. á ári. Þessi upphæð hefur haldist óbreytt til dagsins í dag.

Endurskoðað fylgiskjal 2 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Hauka frá 12.04.2001: „Samningur um útisvæði“ dags. 16.03.2007

Hafnarfjarðarbær kaupir 32 æfingartíma í 32 vikur frá 1. janúar til 30. apríl og frá 1. október til 31. desember ár hvert á gervigrasvelli Hauka á Ásvöllum ásamt tilheyrandi búnings- og baðaðstöðu. Hafnarfjarðarbær úthlutar tímum til ÍBH til afnota fyrir íþróttafélögin og almenning. Dreifing tímanna skal ákveðin á milli aðila fyrir eitt ár í senn.

Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir hvern tíma (50 mín) 7.171 kr. Fjárhæð þessi fylgir breytingu á byggingarvísitölu og skal grunnvísitala vera 356,3 stig sem er vísitala janúarmánaðar 2007. Greiða skal fyrirfram fyrir einn mánuð í senn með 12 jöfnum greiðslum á ári, 688.416 kr.

Hafnarfjarðarbær greiðir Haukum jafnframt fyrir annan rekstur svæðisins samtals 2.528.000 kr. ár hvert. Fjárhæð þessi fylgir breytingu á byggingarvísitölu og skal grunnvísitala vera 356,30 stig sem er vísitala janúarmánaðar 2007. Greiða skal fyrirfram fyrir einn mánuð í senn með 12 jöfnum greiðslum á ári, 210.666 kr.

Greiðsla fyrir leigutíma og annan kostnað er nú 1.528.416 kr. á mánuði.

Hafnarfjarðarbær sér um eftir þörfum og kostar slátt á grasvelli, áburðargjöf og sáningu, götun og söndun. Þetta þjónustuframlag Hafnarfjarðarbæjar skal metið á 3.474.000 kr. og tekur það mið af byggingarvísitölu líkt og í fyrsta lið. Árin 2009-2014 var þessi kostnaður eftirfarandi:

2009	2010	2011	2012	2013	2014
5.067.341	3.955.572	3.898.475	4.032.747	3.800.890	3.901.000

Vinnuframlag frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar skal vera í formi launa til unglunga í samræmi við vinnutíma þeirra hjá Vinnuskólanum ásamt launum flokksstjóra allt að 2.500.000 kr. Skipulag vinnunnar á Ásvöllum skal vera í fullu samráði við forstöðumann Vinnuskólans. Árið 2012 var þetta framlag 7.175.416 kr, árið 2013 7.306.346 kr. og árið 2014 var það 7.716.670 kr. Það voru sjö flokksstjórar og 15 leiðbeinendur hjá Haukum á hverju sumri árin 2012-2014.

Endurskoðað fylgiskjal 3 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Hauka frá 12.04.2001: „Leiga á íþróttasal í félagsheimili“ dags. 17.01.2003

Hafnarfjarðarbær leigir 1.200 tíma í sal félagsheimilis Hauka sem janfgildir 100 tímum að meðaltali á mánuði. ÍBH fær til afnota 1.200 tíma í íþróttasal félagsheimilis til íþróttæfinga á ári nánar tiltekið 100 tíma á mánuði í 12 mánuði eftir nánara samkomulagi við rekstrarstjórn Hauka um skipulagning notkunar. ÍBH úthlutar og skiptir tímum á milli aðildarfélaga sinna samkvæmt gildandi reglum.

Hafnarfjarðarbær greiðir í leigu 2.350 kr. fyrir hvern tíma í íþróttasalnum í félagsaðstöðunni. Leigan er bundin neysluerðsvísitölu með grunnvísitölu 221,8 stig sem er vísitala janúarmánaðar 2002 og breytist árlega í samræmi við það. Leigan greiðist fyrirfram og miðast við meðaltalstölu sem eru 100 tímar á mánuði en það samsvarar 235.000 kr. á mánuði einn mánuð í senn. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2002.

Núverandi leiga er 4.461 kr. á tímann sem miðast við meðaltalstölu sem eru 100 tímar á mánuði. Mánaðargreiðslan er því 446.055 kr.

Verðtryggður greiðslusamningur vegna uppgjors á 20% hlutdeild Knattspyrnufélagsins Hauka í framkvæmdum við Íþróttamiðstöðina ásvöllum dags. 17.01.2003

Knattspyrnufélagið Haukar lofar að greiða Bæjarsjóði Hafnarfjarðar 14.1 millj. kr. Greiðandi skuldbindur sig til að greiða ofangreinda fjárhæð með 240 mánaðarlegum afborgunum sem skuldajafnaðar verði á móti rekstrarsamningi á milli bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og Knattspyrnufélagsins dags. 12.04.2001, um rekstur Íþróttamiðstöðvar á Kaplakrika. Fyrsti gjalddagi er 01.09.2002. Ofangreind fjárhæð ber ekki vexti en er bundin neysluerðsvísitölu með grunnvísitölu 221,8 stig. Höfuðstóll greiðslusamningsins breytist í réttu hlutfalli við grunnvísitölu samkvæmt ofanskráðu til greiðsludags. Ef ekki er staðið í skilum með greiðslu samningsins ber að greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti af hinni vangoldnu fjárhæð fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.

Staða samningsins í dag er 18,7 millj. kr. sem verið er að skuldajafna reglulega núna, en það hafa komið upp tímabil sem hafa frestast.

Samningur um rekstrarstyrk til Knattspyrnufélags Hauka vegna skákdeildar félagsins dags. 24.02.2004

Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að greiða Skákdeild Hauka árlegan rekstrarstyrk samtals að upphæð 200.000 kr. sem er til eftirfarandi verkefna:

- Kostnað vegna skrifstofuhalds á vegum deildarinnar.
- Kostnað vegna húsaleigu deildarinnar.
- Kynningarstarf s.s. unglingsstarf í félagsmiðstöðvum og skólum bæjarins.

Markmið samningsins er að efla skákáhuga í Hafnarfirði meðal fullorðinna, barna og unglinga. Félagið skal bjóða yngri bæjarbúum sérstaklega upp á skákkennslu og námskeið í aðstöðu sinni. Æskulýðsfulltrúi Hafnarfjarðar skal fylgjast með framkvæmd samningsins.

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2001. Heimilt er að endurskoða hann verði verulegar breytingar á umfangi og rekstri deildarinnar. Samningurinn er uppsegjanlegur með 3ja mánaða fyrirvara.

Greiðslur vegna framlaga, reksturs húsnæðis- og valla 2008 - 2014 í þús.

Knattspyrnufélagið Haukar	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
612 Íþróttasvæðið Ásvöllum	12.843	17.296	12.054	13.666	13.656	19.553	22.902
513 Íþróttamiðst. Ásvöllum	54.175	55.844	55.127	44.833	71.737	55.745	70.491
Samtals:	67.018	73.140	67.181	58.499	85.393	75.298	93.393
Breyting í % á milli ára.		9,1	-8,1	-12,9	46,0	-11,8	24,0

ATH: Í greiðslum 2014 er verið að leiðrétta eldri framlög vegna íþróttamiðstöðvarinnar og fl.

Umsögn skýrsluhöfundar

Rekstrarreikningar Knattspyrnufélagsins Hauka, aðalstjórnar, eru ekki sundurliðaðir miðað við rekstur einstakra mannvirkja þess né samninga við Hafnarfjarðarbæ um rekstur þeirra. Því er ekki einfalt að bera saman rekstrarreikninga félagsins og einstaka samninga við Hafnarfjarðarbæ nema með nánari sundurgreiningu á rekstrinum. Orðið var að við óskum skýrsluhöfundar um nánari upplýsingar og sundurliðanir eftir því sem hægt var.

Samningarnir á milli Hauka og Hafnarfjarðarbæjar gera ráð fyrir að greitt sé til félagsins í formi leigu á tímum sem standa eigi undir rekstrarkostnaði mannvirkja og starfsmanna við rekstur þeirra. Einnig er föst upphæð fyrir rekstur skrifstofu. Ekkert er í samningunum á milli Hauka og bæjarins, um að Hafnarfjarðarbær sé jafnframt að kaupa af félaginu þjónustu varðandi barna- og unglíngastarf fyrir íbúa bæjarins hjá félaginu við íþróttabjálfun og kennslu.

Við skoðun á rekstrarreikningum Knattspyrnufélagsins Hauka á mannvirkjum að Ásvöllum, til samanburðar við framlög Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt „Rekstrar- og leigusamningi dags. 12. apríl 2001“ ásamt fylgiskjölum 1-3, kemur í ljós að greiðslur bæjarins eru frá því að um eina millj. kr. vantar upp á að greiðslur dugi fyrir rekstrarkostnaði og upp í 7,0 millj. kr. hærri en rekstrarkostnaðurinn, á ári undanfarin ár. Þessi mismunur er árið 2014 um 7,0 millj. kr. Svo virðist sem leigu- og rekstrargreiðslum sé ætlað að standa undur öðrum kostnaði.

Skoða þarf hvort ekki megi stytta afnot skóla af aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi þeirra í Íþróttamiðstöðinni að Ásvöllum til kl. 14:00 eða 15:00 en það er nú til kl. 17:00.

Knattspyrnufélagið Haukar - Iðkendur 2010 - 2014

Greidd iðgjöld	2010	2011	2012	2013	2014
	6-16 ára	6-16 ára	6-16 ára	6-16 ára	6-16 ára
HSÍ	503	440	409	423	443
KKÍ	351	281	328	239	244
KSÍ	736	604	574	589	635
Karate	25	25	51	56	54
Skák	46	48	22	18	12
Samtals	1.615	1.398	1.384	1.325	1.388
Breyting í % á milli ára.		-13,4	-1,0	-4,3	4,8
Felix <16 ára samtals.	2.002	1.845	1.598	1.631	

Á árinu 2013 virðist sem aðeins 62,1% iðkenda að 17 ára aldri, hafi fengið niðurgreiðslu æfingagjalda samkv. upplýsingum úr Nóra kerfinu.

3.4 Fimleikafélagið Björk

Samningur um rekstrarstyrk til Fimleikafélagsins Bjarkar, dags. 06.03.2009

Hafnarfjarðarbær greiðir Fimleikafélaginu Björk rekstrarstyrk til reksturs skrifstofu félagsins í Íþróttamiðstöð þess vegna tilheyrandi kostnaðar við mannahald, verkefnavinnu og upplýsingaskyldu þess. Hafnarfjarðarbær greiðir Fimleikafélaginu Björk (FB) 2.550 þús. kr. í rekstrarstyrk á ári, sem greiðist með 12 jöfnum greiðslum frá og með 1. janúar 2009. Þessi upphæð er í dag sú sama eða 2.550.000 kr.

Auk þess fær Fimleikafélagið Björk flokkstjóra og leiðbeinendur á sumrin frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar sem metið er á 1.280.452 kr. vegna ársins 2012, 1.309.628 kr. árið 2013 og 1.378.102 kr. árið 2014. Það var einn flokksstjóri og þrír leiðbeinendur hjá Björkunum á hverju sumri árin 2012-2014.

Fimleikafélagið Björk skuldbindur sig til að leggja fram ársreikninga félagsins og skila til Íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt uppgjorsreglum ÍBH.

Önnur verkefni skrifstofu félagsins eru meðal annars:

- Að sjá um gerð yfirlitsskýrslu ÍSÍ, sem sendist til ÍBH og Íþróttafulltrúa Hafnarfjarðar.
- Að stuðla að auknu samstarfi milli einstakra deilda félagsins varðandi skipulag, fjáraflanir, nýtingu æfingartíma og annars íþróttastarfs.
- Að sjá um, í umboði Hafnarfjarðarbæjar, útleigu á þeim tímum sem ÍBH og grunnskólar bæjarins hafa ekki til umráða í Íþróttamiðstöðinni. Allar leigutekjur þessar renna til Fimleikafélagsins Bjarkar vegna skrifstofuhalds.
- Auk þess að skila til Íþróttafulltrúa yfirliti um útleigða tíma og greiðslustöðu þeirra í lok hvers árs.

Samningurinn telst sem fylgiskjal með samningi á milli Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar frá árinu 2008. Verði gerðar breytingar á samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæjar og Íþróttahreyfingarinnar telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2009, en hann má endurskoða verði verulegar breytingar á umfangi og rekstri félagsins. Samningurinn er uppegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Greiðslur vegna framlaga 2008 - 2014 í þús.

Fimleikafélagið Björk	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
821 Fimleikafélagið Björk	1.750	2.500	2.550	2.550	1.750	2.550	2.550
Samtals:	1.750	2.500	2.550	2.550	1.750	2.550	2.550
Breyting í % á milli ára.		42,9	0,0	0,0	-31,4	45,7	0,0

Umsögn skýrsluhöfundar

Á fundi með formanni Fimleikafélagsins Bjarkar var farið yfir starfsemi og rekstur Bjarkanna og er hann í jafnvægi. Nefnd er að vinna í að móta framtíðarstefnu félagsins og áherslur í aðstöðu þess. Áformað er að þeirri vinnu verði ekki lokið fyrr en síðari hluta árs 2016. Meðal áhersluatriða hjá félaginu er að taka yfir rekstur mannvirkja að Haukahrauni 1 og gera um það samning við

Hafnarfjarðabæ. Þetta gæti verið góður kostur fyrir bæjarfélagið en gæta þarf þess að áfram verði húsnæðið að hluta til notað fyrir Dansíþróttafélagið og spurning með badminton eða blak í Andrasal þar til viðbótar húsnæði verður til staðar. Stjórnendur FB telja að með uppbyggingu á nýjum sal á Ásvöllum (svo Haukar fái viðbótarrymi til að leysa sínar þarfir), skapist grundvöllur til endurskipulagningar húsnæðisins að Haukahrauni til að mæta þörfum Bjarkanna. Með samningi um rekstur húsnæðisins skapist líka ákveðin hagræðing í rekstri Bjarkanna og samnýting á starfsfólki þess. Taka þarf inn í nýjan samning fast árlegt framlag til endurnýjunar búnaðar svo hægt sé að vinna skynsamlega og skipulega að endurnýjun áhalda og búnaðar.

Léleg nýting er á Andrasal nú í vetur virka daga og eru flest kvöld ónýtt eftir kl. 18:00 eða 19:00. Það á einnig við um laugardaga og hluta til um sunnudaga.

Fimleikafélagið Björk - Iðkendur 2010 - 2014

Greidd iðgjöld	2010	2011	2012	2013	2014
	0-16 ára	0-16 ára	0-16 ára	0-16 ára	0-16 ára
Iðkendur	857	736	772	768	825
Samtals	857	736	772	768	825
Breyting í % á milli ára.		-14,1	4,9	-0,5	7,4
Felix <16 ára samtals.	1.236	1.026	1.070	1.111	

Á árinu 2013 virðist sem 88,3% iðkenda að 17 ára aldri, hafi fengið niðurgreiðslu æfingagjalda samkv. upplýsingum úr Nóra kerfinu.

3.5 Íþróttafélag Hafnarfjarðar

Samningur um rekstrarstyrk til Íþróttafélags Hafnarfjarðar, dags. 21.02.2008

Hafnarfjarðarbær greiðir Íþróttafélagi Hafnarfjarðar (ÍH) rekstrarstyrk að upphæð 600.000 kr. á ári. Greiðslan fer fram í febrúar og júlí ár hvert og fyrsta greiðsla var í febrúar 2008. Styrkurinn er til eftirfarandi verkefna:

- Kostnaðar vegna skrifstofuhalds félagsins.
- Leigu á aðstöðu og keppnisvelli fyrir aðila félagsins.

Rekstrarstyrkurinn er óbreyttur og er nú 600.000 kr. á ári.

Stjórn ÍH skal halda utan um bókhald félagsins eins og lög og reglur ÍBH kveða á um auk þess að veita bæjaryfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi félagsins með gögnum frá aðalfundi þess.

Félaginu verði úthlutað æfingatímum í íþróttamannvirkjum bæjarins samkvæmt ákvörðunum íþrótt- og tómsbundanefndar og skiptingu á tímum til æfinga sem ÍBH sér um. ÍH skuldbindur sig til að skipuleggja knattspyrnuæfingar fyrir unglunga og fullorðna og að starfsemin verði opin fyrir alla til eflingar knattspyrnunnar í bænum.

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2008, en hann má endurskoða verði verulegar breytingar á umfangi og rekstri félagsins. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Greiðslur vegna framlaga 2008 - 2014 í þús.

Íþróttafélag Hafnarfjarðar	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
825 Íþróttafélag Hafnarfjarðar	400	600	600	510	510	510	600
Samtals:	400	600	600	510	510	510	600
Breyting í % á milli ára.		50,0	0,0	-15,0	0,0	0,0	17,6

Umsögn skýrsluhöfundar

Í samningi félagsins við Hafnarfjarðarbæ er ákvæði í 3. gr um að félaginu verði úthlutað æfingatímum í íþróttamannvirkjum bæjarins samkvæmt ákvörðun íþrótt- og tómsbundanefndar og eftir skiptingu á tímum til æfinga sem ÍBH sér um. Þetta ákvæði hefur ekki verið virkt undanfarin ár vegna breytinga á reglum hjá ÍBH frá því á árinu 2013 þar sem aðilar sem ekki eru með unglunga- og barnastarf fá ekki úthlutað tímum í íþróttamannvirkjunum Hafnarfjarðarbæjar. Þetta veldur félaginu vandræðum varðandi æfingar og keppni. Félagið getur ekki verið með æfingar fyrir fullorðna og unglunga ef aðstaðan er ekki fyrir hendi. Nýta þarf þá tíma sem Hafnarfjarðarbær er að greiða fyrir og skipta þeim hlutfallslega til ÍH til samræmis við önnur félög. Athuga þarf hver er framtíðarstefna ÍH (handknattleikur/fótbolti), til að hægt sé að ákvarða um gerð samnings við félagið.

3.6 Golfklúbburinn Keilir

Rekstrarsamningur um íþróttasvæði og skrifstofu Golfklúbbsins Keilis dags. 21.02.2008

Hafnarfjarðarbær greiðir Golfklúbbum Keili rekstrarstyrk sem nýtast á til rekstrar á íþróttasvæði klúbbsins s.s. vegna golfvalla, golfskála, æfingasvæðisins Hraunkots og annarra mannvirkja á svæðinu samtals að upphæð 2.800.000 kr. Fjárhæðin tekur breytingum samkvæmt byggingarvísitölu og skal grunnvísitalan vera 377,9 stig sem er vísitala janúarmánaðar árið 2008. Greiða skal einn mánuð í senn með 12 jöfnum greiðslum frá 1. janúar 2008.

Í dag er þessi greiðsla 337.987 kr. á mánuði sem gerir 4.487.840 kr. á ári.

Golfklúbburinn Keilir skal reka skrifstofu í félagsaðstöðu sinni. Skrifstofan hefur það megin hlutverk að sjá um daglegan rekstur klúbbsins, bókhald og skýrslugerð. Félagið skuldbindur sig til að leggja fram ársreikninga félagsins og skila til Íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt uppgjorsreglum ÍBH.

Önnur verkefni skrifstofu klúbbsins eru meðal annars:

- Að sjá um gerð yfirlitsskýrslu ÍSÍ, sem sendist til ÍBH og íþróttafulltrúa Hafnarfjarðar.
- Að stuðla að auknu samstarfi milli einstakra eininga félagsins varðandi skipulag, fjáraflanir, nýtingu æfingartíma og annars íþróttastarfs.

Hafnarfjarðarbær greiðir 2.500.000 kr. í rekstrarstyrk á ári til rekstrar skrifstofu klúbbsins sem greiðist mánaðarlega með 12 jöfnum greiðslum frá og með 1. janúar 2008. Er sú upphæð óbreytt í dag eða 2.500.000 kr.

Golfklúbburinn Keilir sér að öllu leyti um kostnað vegna reksturs íþróttasvæðisins, húsnæðis og starfsmannshalds. Félagið fær allar þær tekjur sem reksturinn kann að gefa af sér. Keilir skuldbindur sig til að haga rekstri klúbbsins samkvæmt gildandi reglum um rekstur íþóttamannvirkja í Hafnarfirði.

Vinnuframlag frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar skal vera í formi launa til unglinga í samræmi við vinnutíma þeirra hjá Vinnuskólanum ásamt launum flokksstjóra allt að 2.300.000 kr. Skipulag vinnunnar á starfsvæði Keilis skal vera í fullu samræði við forstöðumann Vinnuskólans. Á árinu 2012 var þetta framlag 2.262.946 kr., árið 2013 2.550.328 kr. og árið 2014 2.664.798 kr. Það voru tveir flokksstjórar og fimm leiðbeinendur hjá Keili sumri 2012 og einn flokksstjóri og sjö leiðbeinendur sumrin 2013 og 2014.

Lóðarleiga skal afgreidd sem styrkur til klúbbsins frá Hafnarfjarðarbæ, sem er árið 2002 um 700.000 kr. og mun íþróttafulltrúi sjá um millifærslur þar um samkvæmt samþykkt bæjarráðs.

Grunnskólabörnum úr Frístundaskólanum er boðið aðgengi að æfingaaðstöðu Keilis í Hraunkoti að vetri til og gefinn kostur á að kynna sér golfíþróttina. Það skal gert í fullu samræði við Keili. Starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar er einnig boðið að nýta æfinga- og fundaraðstöðu Keilis í Hraunkoti til að halda þemadaga í samstarfi við Keili.

Samningurinn telst sem fylgiskjal með samningi á milli Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar frá árinu 2008. Verði gerðar breytingar á samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæjar og íþróttahreyfingarinnar telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2008, en hann má endurskoða verði verulegar breytingar á umfangi og rekstri félagsins. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Greiðslur vegna framlaga 2008 - 2014 í þús.

Golfklúbburinn Keilir	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
613 Golfklúbburinn Keilir	6.081	6.361	5.753	5.157	5.157	5.591	6.809
Samtals:	6.081	6.361	5.753	5.157	5.157	5.591	6.809
Breyting í % á milli ára.		4,6	-9,6	-10,4	0,0	8,4	21,8

Umsögn skýrsluhöfundar

Skýrsluhöfundur átti fund með formanni og framkvæmdastjóra golfklúbbsins þar sem farið var yfir starfsemi hans. Afhentu þeir greinargóðar upplýsingar er varða rekstur klúbbsins og áætlanir um breytingar á Hvaleyrinni varðandi brautir 10, 11 og 12, framkvæmdir sem eru nauðsynlegar til þess að geta veitt þá þjónustu sem ætlast er til af klúbbum. Mikill hugur er í forsvarsmönnum Keilis að þessu verkefni verði lokið fyrir 50 ára afmælisárið 2017 ef stuðningur fæst frá Hafnarfjarðarbæ til verksins. Klúbburinn er byrjaður á þessum breytingum og á árinu 2014 voru um kr. 10,0 millj. lagt í verkefnið.

Það eru að jafnaði um 1.350 félagar í Golfklúbbum Keili og eru þar af um 160-200 börn og unglingar undir 17 ára að aldri. Auk þess er alltaf nokkur hópur sem sækir æfingar hjá þeim án félagsaðildar.

Golfklúbburinn Keilir - Iðkendur 2010 - 2014

Greidd iðgjöld	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	206	183	154	160	175
17-66 ára	980	946	1.004	982	919
67 ára og eldri	155	154	173	186	194
Samtals:	1.341	1.283	1.331	1.328	1.288
Breyting í % á milli ára.		-4,3	3,7	-0,2	-3,0
Felix <16 ára samtals.	205	165	149	105	

Athygli vekur að á árinu 2013 virðist sem aðeins 36,9% iðkenda að 17 ára aldri, sæki um niðurgreiðslu æfingagjalda samkv. upplýsingum úr Nóra kerfinu.

3.7 Siglingaklúbburinn Þytur

Samningur um rekstrarstyrk til Siglingaklúbbsins Þyts dags. 16.03.2007

Hafnarfjarðarbær kaupir á ári 2.800 æfingatíma á Secret bátum (26 bátar) og 1.800 tíma á Laser kænum klúbbsins í maí til septembar á samtals 2.400.000 kr. Þytur sér um æfingar og keppni félagsmanna, sér um og skipuleggur námskeið í siglingum fyrir börn og unglinga sem og að hafa opna starfsemi fyrir almenning í Hafnarfirði. Hver æfingatími er ein klst. og greitt er 1.500 kr. fyrir hvern tíma á Secret bátum og 500 kr. fyrir tímann á Laser kænum. Greiða skal fyrirfram einn mánuð í senn. Klúbburinn skal leggja fram námskeiðs- og rekstraráætlun vegna rekstrar bátanna til íþróttafulltrúa í byrjun sumars. Uppgjör á tímanotkun og rekstri bátanna skal liggja fyrir í lok tímabilsins.

Vinnuframlag frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar vegna námskeiðahalds skal vera í formi launa alls 400.000 kr. Skipulag vinnunnar á námskeiðum Þyts skal vera í fullu samráði við forstöðumann Vinnuskólans en að öðru leyti er ráðning starfsfólks á vegum Þyts. Árið 2012 var þetta framlag metið á 1.280.452 kr., á árinu 2013 1.998.906 kr. og á árinu 2014 2.112.856 kr. Það var einn flokksstjóri og þrjú leiðbeinendur hjá Þyt sumarið 2012 og tveir flokksstjórar og fjórir leiðbeinendur sumrin 2013 og 2014.

Siglingaklúbburinn skal tryggja alla þá sem sigla á bátum klúbbsins samkvæmt lögum og sjá til þess að bátarnir séu skráðir og skoðaðir af Siglingamálastofnun til að tryggja fyllstu öryggiskröfur.

Hafnarfjarðarbær greiðir til Þyts samtals 1.800.000 kr. á ári í rekstrarstyrk vegna rekstrar og smærri viðhalds á bátaskýli klúbbsins og félagsaðstöðu hans við Strandgötu. Greiða skal mánaðarlega fyrirfram með jöfnum greiðslum frá og með 1. janúar 2007. Rekstrarstyrkur Hafnarfjarðar og kaup hans á tímum hjá Siglingaklúbbum Þyt er nú samtals 4.200.000 kr.

Siglingaklúbburinn Þytur sér að öllu leyti um kostnað vegna reksturs mannvirkja sinna á svæðinu sem og tryggingar. Félagið fær allar þær tekjur sem reksturinn kann að gefa af sér. Þytur skuldbindur sig til að haga rekstri klúbbsins samkvæmt gildandi reglum um rekstur íþóttamannvirkja í Hafnarfirði. Samningurinn telst sem fylgiskjal með samningi á milli Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar frá árinu 2008. Verði gerðar breytingar á samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæjar og íþróttahreyfingarinnar telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

Hafnarfjarðarbær skal án endurgjalds hafa rétt á að nýta í einstaka tilfellum aðstöðu klúbbsins sem samningurinn tekur til fyrir starfsemi eða uppákomur á vegum bæjarins enda raski það ekki hefðbundinni starfsemi klúbbsins.

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2007, en hann má endurskoða verði verulegar breytingar á umfangi og rekstri félagsins. Samningurinn er uppsejanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Greiðslur vegna framlaga 2008 - 2014 í þús.

Siglingaklúbburinn Þytur	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
615 Siglingaklúbburinn Þytur	4.200	4.200	4.200	3.570	3.570	3.570	4.200
Samtals:	4.200	4.200	4.200	3.570	3.570	3.570	4.200
Breyting í % á milli ára.		0,0	0,0	-15,0	0,0	0,0	17,6

Umsögn skýrsluhöfundar

Samkvæmt innsendum gögnum frá Siglingaklúbbnum þyt er starfsemi klúbbsins fyrst og fremst á sumrin. Þátttakendur eru frá 11 ára aldri og upp í 16 ára. Þeir sem eru 17 ára og eldri sjá um sína þjálfun sjálfir. Ekki fengust upplýsingar um fjölda iðkenda. Til að félagið fái starfsleyfi og heimild til að hafa 25 nemendur á sjó í einu þarf það að hafa þrjú öryggisbáta samkvæmt hertum öryggisreglum sem nú eru í gildi. Félagið á tvo öryggisbáta og er annar þeirra ónothæfur. Þarf því að kaupa tvo báta til þess að starfsemin geti haldið áfram sumarið 2015. Þörf er einnig á að auka fjármagn til viðhalds og endurbóta húsnæðis en lítið hefur verið lagt í það undanfarin ár.

Ekki voru fyrirbyggjandi gögn um fjölda iðkenda sem fengu niðurgreidd æfingagjöld þar sem niðurgreiðslur félagsins fóru í gegnum bókhald ÍBH, og ekki var hægt að fá upplýsingar um fjöldann frá þeim.

Siglingaklúbburinn þytur - iðkendur 2010 - 2014

Felix	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	115	90	96	65	
Samtals:	115	90	96	65	
Breyting í % á milli ára.		-21,7	6,7	-32,3	

3.8 Sundfélag Hafnarfjarðar

Samstarfssamningur. Rekstrar- og leigusamningur Hafnarfjarðarbæjar og Sundfélags Hafnarfjarðar dags. 20.05.2008

Samningurinn á milli Hafnarfjarðarbæjar og Sundfélags Hafnarfjarðar (SH) frá 20. maí 2008 kveður á um umsjón, þjónustu, leigu á félagsaðstöðu og rekstur skrifstofu sundfélagsins í Ásvallalaug-sundmiðstöð ásamt samstarfi við Sundfélagið Fjörð um húsnæðisaðstöðu.

SH tekur á leigu 425 m² húsnæði fyrir félagsaðstöðu á 2. hæð og tekur að sér rekstur þess, þar með talið skrifstofa, tækjasalur og búningasklefar. SH skal taka fullt tillit til skrifstofu fyrir Fjörð á efri hæð sundmiðstöðvarinnar sem er 14,5 m² og skal SH semja við Fjörð um frekari aðgang að félagsaðstöðunni. SH annast ráðningar og samninga við starfsmenn á vegum félagsins og eru þeir Hafnarfjarðarbæ óviðkomandi. SH fær allar tekjur af hinu leigða húsnæði sem og af þeirri sölustarfsemi sem SH hefur í húsnæðinu að uppfylltum öllum skilyrðum og verslunarleyfi. Einnig er félaginu heimilt að selja auglýsingar á veggj sundsalar og lóð Ásvallalaugar í fullu samráði við forstöðumann Sundmiðstöðvarinnar og arkitekta. Hafnarfjarðarbær á rétt á að nýta alla Sundmiðstöðina í einstaka tilfellum gegn hóflegri greiðslu fyrir starfsemi eða uppákomur á vegum bæjarins, þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi félagsins. Um slík afnot skal hafa samráð við SH og áform þar um tilkynnt með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Framkvæmdastjóri SH skal sitja í rekstrarnefnd Sundmiðstöðvarinnar ásamt fulltrúum heilsuræktarstöðvar, forstöðumanni Sundmiðstöðvarinnar, Fasteignafélags Hafnarfjarðar og fulltrúa frá íþrótt- og tómstundanefnd. Meðal verkefna rekstrarnefndar er að samræma umgengnisreglur, skipuleggja tímanotkun í samræmi við úthlutun ÍBH og aðra viðburði og mót sem og alla þá fjölbreyttu starfsemi sem í Sundmiðstöðinni er og verður. Nefndin starfi í nánú samstarfi við íþróttfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar.

SH skal reka skrifstofu í félagsaðstöðu sinni. Skrifstofan hefur það megin hlutverk að sjá um daglegan rekstur félagsins, bókhald og skýrslugerð. Félagið skuldbindur sig til að leggja fram ársreikninga félagsins eigi síðar en 1. maí ár hvert og skila til íþróttfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt uppgjörsglum ÍBH. Fjárhagsáætlun félagsins vegna rekstrar skal skila til íþróttfulltrúa fyrir 1. október ár hvert. Einnig skal félagið skila til íþróttfulltrúa sundurgreindu hálfárs reikningsuppgjöri um rekstur félagsmiðstöðvarinnar fyrir 1. september ár hvert.

Önnur verkefni skrifstofu klúbbsins eru meðal annars:

- Að sjá um gerð yfirlitsskýrslu ÍSÍ, sem sendist til ÍBH og íþróttfulltrúa Hafnarfjarðar.
- Að stuðla að auknu samstarfi milli einstakra eininga félagsins varðandi skipulag, fjáraflanir, nýtingu æfingartíma og annars íþróttastarfs.

Hafnarfjarðarbær og íþróttfulltrúi hafa eftirlit með að skyldur og rekstur SH samkvæmt samningnum sé í lagi og geta brugðist við ef svo er ekki og krafist úrbóta eða stöðvar greiðslur.

Hafnarfjarðarbær á rétt á að nýta alla Sundmiðstöðina í einstaka tilfellum gegn hóflegri gjaldtöku fyrir starfsemi eða uppákomu á vegum bæjarins þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi félagsins. Samið skal um það við SH og áform um það tilkynnt með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Sundfélag Hafnarfjarðar sér um allt viðhald og viðgerðir á húsgögnum og tækjum í hinu leigða á efri hæð Sundmiðstöðvarinnar. Viðhald og endurnýjun á tímatökubúnaði skal vera í fullu samstarfi og samráði á milli aðila og greiðist í samræmi við eignarhlut þeirra (sjá nánar samning). Að öðru leyti sér Fasteignafélag Hafnarfjarðar um allt viðhald húsnæðis, húsgagna, tækja og búnaðar Sundmiðstöðvarinnar.

Samningurinn gildir til ársloka 2018. Heimilt er að endurskoða hann eða fella úr gildi verði verulegar breytingar á umfangi rekstrar eða að forsendur fyrir rekstri breytast. Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir. Endurskoðun þessa samnings skal fara fram eigi síðar en 1. október 2009 og mat lagt á rekstrarniðurstöður liðins árs.

Samningurinn hefur ekki verið endurskoðaður.

Samningurinn telst sem fylgiskjal með samningi á milli Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar frá árinu 2008. Verði gerðar breytingar á samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæjar og íþróttahreyfingarinnar telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

Fylgiskjal 1 með samningi á milli Hafnarfjarðarbæjar og SH dags. 20.05.2008

Sundfélag Hafnarfjarðar tekur á leigu húsnæði í Ásvallalaug-sundmiðstöð vegna skrifstofu félagsins, félags- og þrekaðstöðu á annari hæð. Hið leigða er 425 m². Húsnæðið er fullfrágengið og búnaður leigusala er á ábyrgð leigutaka. SH sér um og kostar allan rekstur á húsnæðinu þar á meðal þrif og viðhald samkvæmt húsaleigulögum. Félagið ber ábyrgð á slysum í hinu leigða samkvæmt almennum skaðabótareglum. Leigutaki á ekki rétt að neinum fjárhagsbótum verði sundmiðstöðinni lokað vegna bilana, viðhalds, vatnsskort, verkfalla eða atvika er þriðji aðili veldur.

SH skal greiða 100.000 kr. í leigu fyrir hvern mánuð fyrir afnot af félagsaðstöðinni. Samningurinn er bundinn neysluvísitölu með grunnvísitölu 286,2 stig sem er vísitala febrúar 2008. Leigugjaldið greiðist mánaðarlega í lok hvers mánaðar á reikning sundmiðstöðvarinnar.

Núverandi leiga af félagsaðstöðunni er 112.641 kr. á mánuði eða samtals 1.351.368 kr. á ári.

Um riftun á samningnum vegna vanefnda annars hvors aðilans skal fara eftir húsaleigulögum nr. 39/1994, XII kafla.

Hafnarfjarðarbær greiðir Sundfélagi Hafnarfjarðar árlega 5.500.000 kr. vegna reksturs skrifstofu (sjá samstarfssamning gr. 4, frá 20. maí 2008). Þessi greiðsla er óbreytt eins og hún var við samningsgerð.

Sundfélag Hafnarfjarðar fær auk þess flokksstjóra og leiðbeinendur frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar og er það metið árið 2012 á 1.280.452 kr., árið 2013 á 999.453 kr. og árið 2014 á 1.056.428 kr. Það var einn flokksstjóri og þrír leiðbeinendur hjá Sundfélaginu sumrin 2012, 2013 og 2014.

Greiðslur vegna framlaga 2008 - 2014 í þús.

Sundfélag Hafnarfjarðar	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
815 Sundfélag Hafnarfjarðar	5.950	5.000	5.500	4.675	4.675	4.675	5.500
Samtals:	5.950	5.000	5.500	4.675	4.675	4.675	5.500
Breyting í % á milli ára.		-16,0	10,0	-15,0	0,0	0,0	17,6

Umsögn skýrsluhöfundar

Sundfélag Hafnarfjarðar er með starfsemi sína í Sundmiðstöðinni að Ásvöllum (Ásvallalaug). Þar fær félagið æfingatíma í sundlauginni og leigir á annari hæð sundmiðstöðvarinnar aðstöðu fyrir skrifstofu, þreksal og félagsaðstöðu. Samkvæmt ársreikningum félagsins þá er reksturinn í járnum árin 2010-2014. Fjöldi iðkenda hefur farið vaxandi samkvæmt upplýsingum um tímabilið 2010-2014.

Sundfélag Hafnarfjarðar - Iðkendur 2010 - 2014

Felix	2010	2011	2012	2013	2014
	6-16 ára	6-16 ára	6-16 ára	6-16 ára	6-16 ára
Iðkendur	340	287	350	403	508
Samtals	340	287	350	403	508
Breyting í % á milli ára.		-15,6	22,0	15,1	
Felix <16 ára, samtals.	316	628	715	824	

Athygli vekur að á árinu 2013 virðist sem aðeins 56% vetrariðkenda sunds undir 17 ára aldri sækir um niðurgreiðslu æfingagjalda samkv. upplýsingum úr Nóra kerfinu.

3.9 Kvartmílu klúbbur Hafnarfjarðar

Samningur um rekstrarstyrk til Kvartmílu klúbbs Hafnarfjarðar dags. 11.02.2005

Hafnarfjarðarbær greiðir Kvartmílu klúbbum rekstrarstyrk samtals að upphæð 400.000 kr. Greiða skal hann með jöfnum greiðslum tvisvar á ári í maí og september ár hvert. Rekstrarstyrkinn skal nýta til eftirfarandi útgjalda og verkefna:

- Rafmagnskostnaðar.
- Vatsöflunar.
- Sorphirðu.
- Salernisaðstöðu.
- Umhirðu og snyrtingu íþróttasvæðis.
- Öryggisgæslu og trygginga.

Styrkurinn er nú 400.000 kr. á ári sem er óbreytt frá árinu 2005. Klúbburinn sér að öllu leyti um kostnað vegna reksturs og trygginga mannvirkja á svæðinu. Félagið fær allar tekjur sem reksturinn kann að gefa af sér. KH skuldbindur sig til að haga rekstri klúbbsins samkvæmt gildandi reglum um rekstur íþóttamannvirkja í Hafnarfirði, tryggja öll mannvirki, sjá um að farið sé með öll ökutæki samkvæmt umferðalögum og fylgja fyllstu öryggiskröfum á svæðinu. Samningurinn telst sem fylgiskjal með samningi á milli Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar frá árinu 2008. Verði gerðar breytingar á samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæjar og íþróttahreyfingarinnar telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2005 til eins árs í senn. Endurskoðun skal þá fara fram eigi síðar en 1. nóvember 2005, og mat lagt á rekstrarniðurstöðu ársins. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Greiðslur vegna framlaga 2008 - 2014 í þús.

Kvartmílu klúbburinn	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
824 Kvartmílu klúbburinn	0	400	400	360	360	360	400
Samtals:	0	400	400	360	360	360	400
Breyting í % á milli ára.			0,0	-10,0	0,0	0,0	11,1

Umsögn skýrsluhöfundar

Skýrsluhöfundur átti fund með forsvarsmönnum Kvartmílu klúbbs Hafnarfjarðar og skoðaði aðstöðu þeirra. Klúbburinn hefur byggt upp mikla aðstöðu í hrauninu. Til stendur að leggja nýtt slitlag á brautir félagsins á þessu ári. Verið er að byggja hús fyrir stjórnun keppna og tímatökubúnað. Áformaðar eru viðbætur við brautir félagsins en Ökuskólinn Ö3 hefur hug á að fá aðstöðu hjá félaginu. Félagið hefur endurbyggt og lagfært hús undir félagsaðstöðu Kvartmílu klúbbsins og er hún að verða mjög góð miðað við það fjármagn sem félagið hefur. Uppbyggingin hefur að mesti verið kostuð af sjálfsafsláfé félagsins og með sjálfboðavinnu. Hafnarfjarðarbær mun þó kosta endurnýjun slitlags á eldri brautirnar. Engir lðkendur eru undir 16 ára.

Kvartmílu klúbbur Hafnarfjarðar - lðkendur 2010 - 2014

Felix	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	0	0	0	0	
17 ára og eldri	161	223	267	267	
Samtals:	161	223	267	267	
Breyting í % á milli ára.		38,5	19,7	0,0	

3.10 Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar

Samningur um rekstrarstyrk til Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar dags. 10.02.2006

Hafnarfjarðarbær greiðir Akstursípróttafélaginu rekstrarstyrk samtals að upphæð 400.000 kr. Greiða skal hann með jöfnum greiðslum tvisvar á ári í febrúar og september ár hvert. Rekstrarstyrkurinn skal ætlaður til eftirfarandi verkefna:

- Reksturs og viðhalds á keppnis- og æfingabúnaði fyrir akstursípróttir félagsins.
- Greiðslu vegna skrifstofuhalds á vegum félagsins.

Rekstrarstyrkurinn er óbreyttur frá árinu 2006 og er nú 400.000 kr. á ári.

Markmiðið með samningnum er að efla akstursípróttir í bænum og að sem flestum gefist kostur á þáttöku án óhóflegrar gjaldtöku. Félagið skuldbindur sig til að skipuleggja námskeið fyrir börn, unglinga og fullorðna og skal starfsemin opin fyrir almenning. Skrifstofa félagsins skal m.a halda utan um bókhald félagsins auk þess að veita bæjaryfirvöldum nauðsynlegrar upplýsingar.

Samningurinn telst sem fylgiskjal með samningi á milli Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Ípróttabandalags Hafnarfjarðar frá árinu 2001. Verði gerðar breytingar á samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæjar og ípróttahreyfingarinnar telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

Samningurinn gildir frá 1. febrúar 2006 til eins árs í senn, en hann má endurskoða verði verulegar breytingar á umfangi og rekstri félagsins. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Greiðslur vegna framlaga 2008 - 2014 í þús.

Aksturípróttafélag Hafnarfj.	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
828 Aksturípróttafélag Hafnarfj.	0	600	400	200	0	400	400
Samtals:	0	600	400	200	0	400	400
Breyting í % á milli ára.			-33,3	-50,0	-100,0		0,0

Umsögn skýrsluhöfundar

Engin svör bárust við ósk skýrsluhöfundar frá 22. janúar 2015 (og ítrekun á henni 6. mars 2015) um upplýsingar um starfsemi félagsins, ársreikninga, fjölda iðkenda, væntingar félagsins varðandi aðstöðu og stundaskrá æfinga.

Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar - Iðkendur 2010 - 2014

Felix	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	6	16	6	14	
17 ára og eldri	161	223	267	267	
Samtals:	167	239	273	281	
Breyting í % á milli ára.		43,1	14,2	2,9	

3.11 Dansípróttafélag Hafnarfjarðar

Samningur um rekstrarstyrk til Dansípróttafélags Hafnarfjarðar dags 24.04.2002

Samningurinn á milli Dansípróttafélags Hafnarfjarðar (DÍH) og Hafnarfjarðarbæjar kveður á um að bæjarfélagið greiði DÍH 400 þús. kr. á ári vegna kostnaðar við skrifstofuhald og rekstur svo og viðhalds hljómtækja. Greiðslunar fara fram tvisvar á ári í maí og september ár hvert. Einnig er kveðið á um að DÍH fái skrifstofuaðstöðu í Ípróttamiðstöð Bjarka og að úthlutað verði æfingartímum þar fyrir æfingar félagsins. DÍH skuldbindur sig til að skipuleggja dansnámskeið fyrir börn og fullorðna og skal starfsemin vera opin fyrir almenning. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Styrkurinn til rekstrar skrifstofu og viðhalds hljómtækja er óbreyttur og er því nú 400.000 kr.

Greiðslur vegna framlaga 2008 - 2014 í þús.

Dansípróttafélag Hafnarfj	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
818 Dansípróttafélag Hafnarfj	400	400	400	340	340	340	400
Samtals:	400	400	400	340	340	340	400
Breyting í % á milli ára.		0,0	0,0	-15,0	0,0	0,0	17,6

Umsögn skýrsluhöfundar

Dansípróttafélag Hafnarfjarðar hefur verið rekið með örlitlum halla undanfarin ár. Iðkendum hefur farið fækkandi ár frá ári frá árinu 2011, en þá voru þeir 528. Á árinu 2014 eru þeir komnir niður í 256 iðkendur sem er um 52% fækkun frá 2011. DHÍ hefur barist fyrir bættri aðstöðu fyrir starfsemi sína undanfarin ár. Meðal annars var gerð þarfagreining fyrir DÍH 2013. Skoða þarf nánar með hvaða hætti er hægt að koma til móts við óskir þeirra varðandi starfsaðstöðu, m.a í Bjarkarhúsinu og Ípróttahúsinu Strandgötu.

Dansípróttafélag Hafnarfjarðar - Iðkendur 2010 - 2014

	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	312	253	215	202	186
17 ára og eldri	77	275	199	143	70
Samtals:	389	528	414	345	256
Breyting í % á milli ára.		35,7	-21,6	-16,7	-25,8
Felix <16 ára samtals.	308	259	209	188	

3.12 Íþróttafélagið Fjörður

Samningur um rekstrarstyrk til Íþróttafélagsins Fjarðar dags. 10. 02.2006

Samningur milli Íþróttafélagsins Fjarðar (ÍF) og Hafnarfjarðarbæjar kveður á um að bæjarfélagið greiði ÍF 1.000.000 kr. á ári rekstrarstyrk á ári vegna fjölbreyttrar íþróttastarfsemi fyrir fatlaða. Samningurinn kveður einnig á um menntun kennara, framboð á þjónustu, mótahald og upplýsingaskyldu til íþróttastjóra. Samninginn má endurskoða verði verulegar breytingar á umfangi og rekstri félagsins. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Samningsfjárhæð rekstrarstyrksins frá Hafnarfjarðarbæ er óbreytt frá árinu 2006, 1.000.000 kr.

Greiðslur vegna framlaga 2008 - 2014 í þús.

Íþróttafélag Fjörður	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
814 Íþróttafélag Fjörður	1.150	1.000	1.000	1.100	1.100	800	1.000
Samtals:	1.150	1.000	1.000	1.100	1.100	800	1.000
Breyting í % á milli ára.		-13,0	0,0	10,0	0,0	-27,3	25,0

Umsögn skýrsluhöfundar

Engin svör bárust við ósk skýrsluhöfundar frá 22. janúar 2015 (og ítrekun á henni 6. mars 2015) um upplýsingar um starfsemi félagsins, ársreikninga, fjölda iðkenda, væntingar félagsins varðandi aðstöðu og stundaskrá æfinga.

Íþróttafélagið Fjörður - Iðkendur 2010 - 2014

Felix	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	27	27	34	28	
17 ára og eldri	38	33	37	37	
Samtals:	65	60	71	65	0
Breyting í % á milli ára.		-7,7	18,3	-8,5	

3.13 Skotípróttafélag Hafnarfjarðar

Samningur um rekstrarstyrk til Skotípróttafélaga Hafnarfjarðar dags, 02.04.2001

Samningur Hafnarfjarðarbæjar og Skotípróttafélags Hafnarfjarðar (SÍH) kveður á um rekstrarstyrk til SÍH að upphæð 400 þús. kr. á ári sem greiðist með jöfnum greiðslum tvisvar á ári í maí og september ár hvert. Styrknum er ætlað að standa straum af rekstri díselstöðvar, vatnsöflun, sorphirðu, salernisaðstöðu, reglubundinni umhirðu gróðurs og snyrtingu svo og öryggisgæslu og tryggingum. Rekstrarstyrkurinn frá árinu 2001 er óbreyttur og er nú 400.000 kr.

Einnig er kveðið á um að SÍH sjái alfarið um rekstur svæðisins að lðavöllum í Kapelluhrauni og viðhaldi þess á sinn kostnað. SÍH fái í sinn hlut allar tekjur sem ípróttasvæðið kann að gefa af sér. Félagið skuldbindur sig til að haga rekstri svæðisins samkv. gildandi reglum um ípróttamannvirki í Hafnarfirði. Gjaldtaka vegna námskeiða fyrir börn og unglinga skal vera í samræmi við sambærilegt ípróttastarf. Samningur þessi er fylgiskjal með samstarfssamningi frá 1988 á milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, ÍBH, FH og Hauka. Verði gerð breyting á samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæjar og ípróttahreyfingarinnar telst þessi samningur fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

Greiðslur vegna framlaga 2008 - 2014 í þús.

Skotípróttafélag Hafnarfjarðar	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
816 Skotípróttafélag Hafnarfjar	400	400	0	140	280	280	400
Samtals:	400	400	0	140	280	280	400
Breyting í % á milli ára.		0,0	-100,0		100,0	0,0	42,9

Umsögn skýrsluhöfundar

Rekstur Skotípróttafélags Hafnarfjarðar er mjög góður. Rekstarhagnaður er á hverju ári og vel haldið utan um fjármál félagsins. Eigið fé þess í árslok 2014 er um 41,0 millj. kr. Tekjur félagsins eru aðalega styrkir, félagsgjöld, mótagjöld og framlög. Hagnaður hvers árs hefur verið nýttur til uppbyggingar á svæðinu og er það til mikillar fyrirmyndar hvernig á hefur verið haldið. Svæðið er nú hið glæsilegasta og gríðarleg umbylting hefur þar á orðið. Félagið hefur lagt út rúmar 30,0 millj. kr á undanförunum árum á verðlagi hvers árs í uppbyggingu auk mikillar sjálfboðavinnu félaga í SÍH. Nokkuð er eftir til að ljúka uppbyggingu samkvæmt deiliskipulagi svæðisins en stefnt er að því að klára það á þessu ári áður en alþjóðlegt mót, SÍH Open, verður haldið í 11. sinn nú í sumar á 50 ára afmæli félagsins. Gefið var vilyrði fyrir að malbika frá Álfhelli að lðavöllum árið 2006 sem átti að vera samhliða malbikun til Kvartmíluklúbbsins en af því hefur ekki orðið. Það er ósk þeirra að malbikun og snyrting svæðisins fyrir utan hið eiginlega skotípróttasvæði verði framkvæmd hið fyrsta og helst á árinu 2015.

Skotípróttafélag Hafnarfjarðar - lðkendur 2010 - 2014

Felix	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	0	0	0	0	0
17 ára og eldri	131	127	131	131	
Samtals:	131	127	131	131	0
Breyting í % á milli ára.		-3,1	3,1	0,0	

3.14 Hestamannafélagið Sörli

Rekstrarsamningur um reiðskemmu og íþróttasvæði Hestamannafélagsins Sörla dags. 21.02.2008

Rekstarasamningurinn á milli Hafnarfjarðarbæjar og Hestamannafélagsins Sörla um reiðskemu og íþróttasvæði er um kaup bæjarins á 1.450 tímum á ári sem ÍTH úthluti ÍBH til æfinga. Af þessum tímum fær íþróttadeild Sörla 1.400 klst. og 50 klst. eru ætlaðar til afnota fyrir skóla og almenning í samráði við Sörla. Fjárhæð fyrir hvern tíma er 3.975 kr. sem fylgir breytingum á byggingarvísitölu og er grunnvísitalan vísitala janúarmánaðar 2008 sem er 377,9 stig. Greiða skal mánaðarlega fyrirfram fyrir einn mánuð í senn með 12 jöfnum greiðslum miðað við 1. janúar 2008.

Nú er greiðsla fyrir hvern tíma 6.373 kr. sem er 771.103 kr. á mánuði og 9.253.236 kr. á ári.

Samkvæmt 3 gr. samningsins skuldbindur Hafnarfjarðarbær sig til að greiða Sörla samtals 800 þús. kr. á ári með jöfnum greiðslum í rekstrarstyrk. Styrkurinn er til að nýta íþrótt- og útivistarsvæði félagsins m.a. til viðhalds á stökk- og hlaupabrautum, girðingum, áhorfendabrekkum og húsum ásamt eftirliti og viðhaldi smærri mannvirkja.

Styrkurinn er óbreyttur frá árinu 2008 og er nú 800.000 á ári.

Hestamannafélagið Sörli skal reka skrifstofu í íþróttamiðstöð sinni með tilheyrandi kostnaði og mannahaldi, verkefnum og upplýsingaskyldu. Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að greiða Sörla rekstrarstyrk að upphæð 2.500 þús. kr. á ári til skrifstofuhaldsins sem greiðist með 12 jöfnum greiðslum árlega frá og með 1. janúar 2008. Félaginu ber að skila til íþróttafulltrúa ársuppgjöri félagsins, deilda og aðalstjórnar samkvæmt uppgjorsreglum ÍBH.

Nú eru greiddar 2.500.000 kr. á ári eins og var við gerð samningsins í febrúar 2008.

Hestamannafélagið sér að öllu leyti um rekstur reiðskemmu og íþróttasvæðis ásamt nauðsynlegu starfsmannahaldi. Sörli mun jafnframt fá til sín allar tekjur sem af rekstrinum kann að leiða. Sörli skuldbindur sig til að haga rekstri samkvæmt reglum um rekstur íþróttamannvirkja í Hafnarfirði.

Vegna reiðnámskeiða fyrir börn og unglunga sem hestamannafélagið starfrækir á tímabilinu 1. júní til 1. ágúst í samráði við Hafnarfjarðarbæ, skal greiða kr. 550 þús. í árlegan styrk fyrir afnot af hestum og reiðtygum. Til þess fær Hestamannafélagið Sörli afnot af 6 ha beitilandi innan girðingar, sem þeir sjá um að hirða. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Auk þess fær Sörli flokkstjóra og leiðbeinenda frá vinnuskóla Hafnarfjarðar og var það metið sem 1.280.452 kr. árið 2012. Árið 2013 var þetta 1.998.906 kr. og árið 2014 2.115.856 kr. Það var einn flokksstjóri og þrír leiðbeinendur hjá Sörla sumri 2012 -2014.

Greiðslur vegna framlaga, reksturs húsnæðis- og valla 2008 - 2014 í þús.

Hestamannafélagið Sörli	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
614 Hestamannafélagið Sörli	10.160	12.094	10.805	9.598	9.548	10.743	12.958
Samtals:	10.160	12.094	10.805	9.598	9.548	10.743	12.958
Breyting í % á milli ára.		19,0	-10,7	-11,2	-0,5	12,5	20,6

Umsögn skýrsluhöfundar

Skýrsluhöfundur átti fund með stjórn Hestamannafélagsins Sörli. Þar voru rekstrarreikningar félagsins lagðir fram svo og mat á aðstöðu félagsins og upplýsingar um þarfir þess. Skýrsla um iðkendur (félaga) og stundaskrá skipulegra námskeiða og æfinga liggur einnig fyrir. Félagið hefur verið rekið með lítilsháttar halla undanfarin ár. Engar langtímaskuldir eru þó hjá félaginu og skammtímaskuldir litlar sem engar. Veltufjármunir eru um 10,0 millj. kr. og eigið fé um 60,0 millj. kr.

Nú eru um 855 félagar í Sörli. Þar af eru 168 iðkendur undir 16 ára og 51 iðkandi á aldursbilinu 17-19 ára. Námskeiðahald er takmarkað vegna lítillar aðstöðu en gæti verið mun meira ef stærri reiðhöll væri á svæðinu. Ekki er hægt að vera með nema einn hóp í einu á námskeiði þar sem ekki er hægt að skipta húsnæðinu í tvo hluta. Á hefðbundnum degi koma um 100 félagsmenn til æfinga í reiðhöllinni. Ástand mannvirkja er orðið frekar lélegt bæði er varðar hús og gerði. Verið er að vinna að nýju deiliskipulagi lóðarinnar vegna nýrrar reiðhallar en ljúka þarf því verki áður en farið er í lagfæringar á reiðgerðum. Skoða þarf hvort ekki væri skynsamlegt að lengja núverandi reiðhöll til að hún nýtist betur og að hægt væri að skipta henni í tvennt t.d í æfingum og við reiðkennslu. Þetta gæri verið ódýr kostur og þyrfti að hrinda í framkvæmd um leið og húsið verður endurnýjað og lagfært, en brýn þörf er á því. Einnig er brýnt að endurnýja gólfíð í reiðhöllinni.

Hestamannafélagið Sörli - Iðkendur 2010 - 2014

	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	228	179	187	181	168
Samtals:	228	179	187	181	168
Breyting í % á milli ára.		-21,5	4,5	-3,2	-7,2
Felix <16 ára samtals.	198	208	200	205	

Hestamannafélagið Sörli - Iðkendur 2010 - 2014

	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	228	179	187	181	168
17 - 18 ára	48	43	37	49	51
19 ára og eldri	509	532	574	587	636
Samtals:	785	754	798	817	855
Breyting í % á milli ára.		-3,9	5,8	2,4	4,7
Felix samtals.	754	798	808	869	

3.15 Badmintonfélag Hafnarfjarðar

Samningur um rekstrarstyrk til Badmintonfélags Hafnarfjarðar dags. 21.02.2008

Samningurinn á milli Hafnarfjarðarbæjar og Badmintonfélags Hafnarfjarðar (BH) kveður á um að bærinn skuldbindi sig til að greiða BH 1,0 millj. kr. í styrk til greiðslu á húsaleigu vegna æfingaraðstöðu tennisdeildar og skvasseildar félagsins. BH skal staðfesta fjölda félagsmanna sem æfir með deildum félagsins í umræddum æfingarhúsum ár hvert til íþróttafulltrúa. Einnig greiðir Hafnarfjarðarbær til félagsins 500 þús. kr. í styrk vegna skrifstofuhalds félagsins. Greiðslur þessar fara fram í febrúar og september ár hvert og var fyrsta greiðsla í febrúar 2008. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Samningsfjárhæð styrks til greiðslu á húsaleigu vegna áfingaaðstöðu fyrir tennis- og skvasseildir félagsins er óbreytt og er nú 1.000.000 kr. og rekstrarstyrkur vegna skrifstofuhalds er sömuleiðis óbreyttur og er nú 500,000 kr.

Greiðslur vegna framlaga 2008 - 2014 í þús.

Bamintonfélag Hafnarfjarðar	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
822 Bamintonfélag Hafnarfjarð	1.500	1.500	1.500	1.275	1.275	1.275	1.500
Samtals:	1.500	1.500	1.500	1.275	1.275	1.275	1.500
Breyting í % á milli ára.		0,0	0,0	-15,0	0,0	0,0	17,6

Umsögn skýrsluhöfundar

Skýrsluhöfundur átti fund með forsvarsmönnum Badmintonfélagsins þar sem farið var yfir málefni félagsins. Rekstur félagsins er í góðu jafnvægi. Lagt var fram minnisblað frá Badmintonfélaginu um beiðni um yfirtöku á Íþróttahúsinu Strandgötu frá því í apríl 2014 ásamt bréfi til skýrsluhöfundar varðandi þarfir BH á næstu árum. Einnig afrit af bréfum til fyrrverandi bæjarstjóra varðandi málefni félagsins. Voru þeir mjög ósáttir með framgöngu ÍBH varðandi úthlutun tíma til félagsins og greindu frá fyrirhugaðri málsókn til ÍSI varðandi málið. Nokkrar sveiflur hafa orðið á iðkendum félagsins og hefur 6 ára og yngri fækkað um helming frá 2010 til 2014 og 7-17 ára um fjórðung á sama tímabili.

Félagið hefur fengið Álfafellið í Strandgötu til afnota fyrir borðtennisdeild félagsins. Þessi ráðstöfun er nokkuð sérstök í ljósi þess að aðeins 15 iðkendur eru í borðtennis árið 2014 og hafa að jafnaði verið um 15-19 árin 2010 til 2014 samkvæmt upplýsingum úr Felix skráningarkerfinu. Hægt er að nýta salinn fyrir æfingar á borðtennis þótt hann sé líka nýttur fyrir aðra starfsemi utan þess tíma. Hann var að skila Hafnarfjarðarbæ tekjum á bilinu 3-5 millj. kr. á ári fram til ársins 2014. Það er þó ljóst að á meðan jafn mikill skortur er á tímum fyrir æfingar og keppni hjá öðrum íþróttafélögum í Hafnarfirði þá er hæpinn grundvöllur fyrir því að BH fái Íþróttahúsið í Strandgötu eingöngu fyrir starfsemi félagsins. Skoða þarf nánar með hvaða hætti hægt sé að koma til móts við óskir stjórnenda BH um aðstöðu fyrir félagið. Þessi staða gæti þó orðið önnur þegar og ef byggður verði viðbótar íþróttasalur á Ásvöllum.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar - Iðkendur 2010 - 2014

	2010	2011	2012	2013	2014
17 ára og yngri	260	194	174	185	165
Samtals:	260	194	174	185	165
Breyting í % á milli ára.		-25,4	-10,3	6,3	-10,8
Felix <16 ára, samtals.	258	190	169	210	

Badmintonfélag Hafnarfjarðar - Iðkendur 2010 - 2014

	2010	2011	2012	2013	2014
17 ára og yngri	260	194	174	185	165
18 ára og eldri	166	144	131	125	131
Samtals:	426	338	305	310	296
Breyting í % á milli ára.		-20,7	-9,8	1,6	-4,5

3.16 Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar

Samningur um rekstrarstyrk til Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar dags. 21.02.2008

Samningur Hafnarfjarðarbæjar og Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar (HFH) um rekstrarstyrk kveður á um að Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að greiða HFH 3.300 þús. kr. á ári. Styrknum er ætlað að greiða fyrir leigu á aðstöðu og þjónustu til æfinga, reksturs og viðhalds á kennslutækjum og búnaði og rekstri á skrifstofu félagsins. Styrkurinn er nú óbreyttur frá 2008 og er nú 275.000 kr á mánuði sem er 3.300.000 kr á ári.

Samningurinn telst fylgiskjal með samstarfsamningi frá árinu 2008 milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Verði gerð breyting á samstarfsamningnum, telst samningur þessi við HFH vera fylgiskjal með nýjum samstarfssamningi. Samningurinn er uppseganlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Engar breytingar hafa verið gerðar á samstarfsamningi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og ÍBH og hefur því samningur HFH ekkert breysts.

Greiðslur vegna framlaga, reksturs húsnæðis- og valla 2008 - 2014 í þús.

Hnefaleikafélag Hafnarfj.	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
826 Hnefaleikafélag Hafnarfj.	3.300	0	0	0	11.976	2.805	3.300
Samtals:	3.300	0	0	0	11.976	2.805	3.300
Breyting í % á milli ára.		-100,0				-76,6	17,6

Umsögn skýrsluhöfundar

Rekstur Hnefaleikafélagsins undanfarin ár er í jafnvægi. Samkvæmt tölum ú Felix kerfinu virðast vera miklar sveiflur í iðkendafjölda á milli ára eða frá 343 árið 2011, niður í 65 árið 2013 og síðan upp í 136 árið 2014.

Samkvæmt upplýsingum frá stjórn félagsins er þetta bráðabirgða húsnæði sem félagið fékk við Dalshraun ekki í góðu ásigkomulagi. Húsnæðið er ekki vatnshelt, loftræstikerfið í ólagi, sturtu- og búningsklefar ófullnægandi. Lofthæð er ekki nægjanleg til að boxhringurinn teljist löglegur, engin þvottaaðstaða, engir skápar fyrir verðmæti og áhöld. Ósk félagsins er að fá góða og hentuga aðstöðu með rúmgóðri búningsaðstöðu og löglegri lofthæð. Herbergi fyrir þjálfara, skrifstofuherbergi og tækjasal.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar - Iðkendur 2010 - 2014

Felix	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	63	55	15	44	23
Samtals:	63	55	15	44	23
Breyting í % á milli ára.		-12,7	-72,7	193,3	-47,7

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar - Iðkendur 2010 - 2014

Felix	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	63	55	15	44	23
17 ára og eldri	280	229	50	92	69
Samtals:	123	284	123	136	123
Breyting í % á milli ára.		130,9	-56,7	10,6	-9,6

3.17 Golfklúbburinn Setberg

Samningur um rekstrarstyrk Golfklúbbsins Setbergs dags. 24.04.2002

Hafnarfjarðarbær og Golfklúbburinn Setberg gerðu með sér samning um rekstrarstyrk 24.04.2002. Samkvæmt samningnum skuldbatt Hafnarfjarðarbær sig til að greiða Golfklúbbum Setbergi samtals 500.000 kr. á ári í rekstrarstyrk og skyldu greiðslur fara fram í maí og september ár hvert með jöfnum greiðslum. Styrknum er ætlað að standa straum af eftirfarandi verkefnum:

1. Leigu á aðstöðu og þjónustu í golfskála Setbergsvallar, vegna æfinga og keppni.
2. Reksturs og viðhalds á kennslutækjum og búnaði vegna golfkennslu.
3. Greiðslna vegna skrifstofuhalds á vegum félagsins.

Kveðið var nánara um markmið samningsins, námskeiðahald fyrir börn og unglinga. Framlag vinnuskóla vegna vinnu á Setbergsvelli og fl.

Samningurinn var uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Umsögn skýrsluhöfundar og upplýsingar úr skýrslu stjórnar í ársreikningum félagsins

Starfsemi Golfklúbbsins Setberg lagðist af að mestu vegna óvissu um rekstur golfvallarins og óvissu um framhald hans á árunum 2007-2010. Samningnum við Hafnarfjarðarbæ var hætt vegna aðstæðna. Golfklúbburinn Setberg tók við rekstri á Setbergsvelli á árinu 2011 en klúbburinn gerði leigusamning um Setbergsvöll til tíu ára fyrir sl. rekstrarár. Við upphaf rekstrarársins voru einungis rúmlega 100 félagar skráðir í klúbbinn og því fyrirsjáanlegt að erfitt yrði að ná endum saman í rekstrinum. Var því ákveðið að fastráða ekki aðra starfsmenn heldur en sumarstarfsmenn og gera rekstrarsamning um innheimtu flatargjalda og rekstur á golfskála. Jafnframt var gerður samningur við Golfklúbbinn Keili um kaup á sérfræðiþjónustu, s.s. ráðgjöf, söndun, áburðargjöf, götun og fleira. Reyndist samstarfið við Golfklúbbinn Keili afskaplega farsælt að mati stjórnenda Golfklúbbsins Setbergs.

Strax í byrjun árs var auglýst eftir nýjum félögum. Í byrjun sumars voru félagar orðnir um tæplega 200 og undir lok rekstrarársins voru 283 skráðir félagar í klúbbum. Sala á flatargjöldum gekk einnig ágætlega.

Niðurstaða rekstursins á árinu var því framar vonum og er staða klúbbsins mjög góð. Eignir klúbbsins hafa aukist verulega en klúbburinn skuldar ekkert. Klúbburinn keypti flatasláttuvél, teigasláttuvél og brautasláttuvél af Golfklúbbi Oddfellowa. Jafnframt keypti klúbburinn golfbíl og eitthvað af lausafjármunum. Önnur tæki leigði klúbburinn og keypti sérfræðiþjónustu frá öðrum aðilum s.s. Golfklúbbum Keili og Grastec.

Fjórða rekstrarárið eftir að klúbburinn tók aftur yfir rekstur Setbergsvallar voru í upphafi árs voru tæplega 480 félagar skráðir í klúbbinn. Í samræmi við ákvörðun aðalfundar í janúar sl. var ákveðið að fjölga ekki félögum. Nokkuð margir hættu í klúbbum fyrir sumarið en álíka margir nýir komu í staðinn og eru nú um 480 félagar skráðir í klúbbinn. Áfram var aðgengi annarra en félagsmanna að vellinum takmarkað á ákveðnum tímum.

Aðsókn að vellinum var frekar lítil eins og árið áður og því erfitt að átta sig á því hvort framangreindur fjöldi sé hæfilegur. Sala á flatargjöldum var minni en árið áður og undir áætlunum. Aðsókn í mót var svipuð og árið áður. Lítið var um útleigu á vellinum. Svipað fyrirkomulag var á

rekstrinum og árið áður og var ákveðið að fastráða ekki starfsmenn og ráða einungis sumarstarfsmenn.

Það hefur verið öflug starfsemi frá árinu 2011 en samningurinn við Hafnarfjarðarbæ hefur ekki verið endurnýjaður. Það er full ástæða fyrir Golfklúbbin Setberg og Hafnarfjarðarbæ að taka upp viðræður með nýjan samning.

Nú eru blikur á lofti með framtíð Setbergsvallar vegna þess að búið er að selja landið undir byggð og því óvíst um framtíð vallarins.

Golfklúbburinn Setberg - Iðkendur 2010 - 2014

	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	3	4	5	5	8
Samtals:	3	4	5	5	8
Breyting í % á milli ára.		33,3	25,0	0,0	60,0

Golfklúbburinn Setberg - Iðkendur 2010 - 2014

	2010	2011	2012	2013	2014
16 ára og yngri	3	4	5	5	8
17 ára og eldri	131	127	131	131	480
Samtals:	123	131	136	136	488
Breyting í % á milli ára.		6,5	3,8	0,0	258,8

3.18 Fjöldi iðkenda hjá íþróttafélögum í Hafnarfirði

Neðangreindar tvær töflur sýna iðkendafjölda sem skráður er í gagnagrunni á svokölluðu Felix kerfi. Það er annars vegar iðkendur 16 ára og yngri og hinsvegar 17 ára og eldri og fengust þær frá ÍBH. Rétt er að geta þess að þessar tölur endurspeglar ekki endilega raunverulegan iðkendafjölda hjá hverju félagi. Þegar talað er um raunverulegan iðkendafjölda þá er verið að tala um iðkendur sem æfa meirihluta hvers æfingatímabils. Nokkuð er misjafnt hvernig félögin eru að skrá inn í þennan gagnagrunn og er það allt frá því að viðkomandi einstaklingur mæti á eina æfingu/kynningu upp í að viðkomandi sé að æfa allt árið. Þessi grunnur er meðal annars notaður af ÍSÍ til úthlutunar á hinum ýmsum framlögum og styrkjum ásamt úthlutun á lottótekjum til félaganna.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

Fjöldi iðkenda 16 ára og yngri

Félag	2010			2011			2012			2013		
	Stúlkur	Drengir	Samt.	Stúlkur	Drengir	Samt.	Stúlkur	Drengir	Samt.	Stúlkur	Drengir	Samt.
DÍH	231	77	308	191	68	259	152	57	209	129	59	188
HFH	18	45	63	15	40	55	2	13	15	8	36	44
Fjörður	12	15	27	11	16	27	16	18	34	14	14	28
Sörli	112	86	198	120	88	208	116	84	200	117	88	205
SH	174	142	316	354	274	628	407	308	715	440	384	824
Björk	679	557	1.236	564	462	1.026	652	418	1.070	682	429	1.111
FH	609	918	1.527	540	799	1.339	998	1.765	2.763	658	1.139	1.797
BH	111	147	258	79	111	190	80	89	169	104	106	210
Þytur	24	91	115	19	71	90	19	77	96	15	50	65
Haukar	735	1.267	2.002	644	1.201	1.845	563	1.035	1.598	568	1.063	1.631
Keilir	49	156	205	36	129	165	33	116	149	22	83	105
AÍH	2	4	6	4	12	16	2	4	6	4	10	14
Setberg	0	3	3	1	3	4	2	3	5	2	3	5
ÍH	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	0	0
KK	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
SÍH	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bjartur	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	1	1
Samtals	2.756	3.508	6.264	2.578	3.274	5.852	3.042	3.989	7.031	2.763	3.465	6.228
Breyting í %				-6,5	-6,7	-6,6	18,0	21,8	20,1	-9,2	-13,1	-11,4

Heimild IBH úr Felix

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

Fjöldi iðkenda 17 ára og eldri

Félag	2010			2011			2012			2013		
	Stúlkur	Drengir	Samt.	Stúlkur	Drengir	Samt.	Stúlkur	Drengir	Samt.	Stúlkur	Drengir	Samt.
DÍH	41	32	0	258	29	287	166	42	208	100	38	138
HFH	159	121	280	129	100	229	28	22	50	47	45	92
Fjörður	10	28	38	10	23	33	10	27	37	11	26	37
Sörli	243	313	556	263	327	590	272	336	608	304	360	664
SH	46	77	123	53	109	162	38	85	123	64	105	169
Björk	31	52	83	19	30	49	6	9	15	1	12	13
FH	344	423	767	224	270	494	335	354	689	238	266	504
BH	90	80	170	62	86	148	60	76	136	66	87	153
Þytur	64	247	311	69	266	335	81	299	380	85	326	411
Haukar	353	357	710	310	311	621	294	309	603	289	328	617
Keilir	261	866	1.127	292	907	1.199	331	969	1.300	314	879	1.193
AÍH	17	192	209	54	501	555	27	258	285	33	268	301
Setberg	40	177	217	87	292	379	121	363	484	122	354	476
ÍH	0	33	33	0	0	0	0	40	40	0	66	66
KK	8	153	161	14	209	223	14	253	267	14	253	267
SÍH	15	116	131	15	112	127	15	116	131	15	116	131
Bjartur	0	0	0	0	0	0	6	35	41	6	35	41
Samtals	1.681	3.235	4.916	1.601	3.543	5.144	1.804	3.593	5.397	1.709	3.564	5.273
Breyting í %				-4,8	9,5	4,6	12,7	1,4	4,9	-5,3	-0,8	-2,3

Heimild IBH úr Felix

3.19 Upplýsingar um íþróttamannvirki í Hafnarfirði

Í meðangreindri töflu eru upplýsingar um íþróttamannvirki sem notuð eru fyrir skóla og íþróttafélög. Þar koma fram stærðir sala og fjöldi í hverju mannvirki, stærð valla í m², stærð sundlauga og fl. Ekki eru upplýsingar um íþróttamannvirki hjá sjö félögum.

Íþróttamannvirki í Hafnarfirði					
Stærðir sala og lauga sem notuð eru fyrir skóla og íþróttafélög					
Íþróttamannvirki	Stærð m	Stærð m ²	Salur	Sundlaug	Völlur Athugasemdir
Íþróttahúsið Strandgötu	20x40m	800	x		hægt að skipta í þrjá sali
Íþróttahúsið Víðistaðaskóla	16x27m	432	x		hægt að skipta í tvo sali
Íþróttahúsið Setbergsskóla	13,5x24m	325	x		hægt að skipta í tvo sali
Íþróttahúsið Hraunvallaskóla	13x25m	325	x		
Íþróttahúsið Kaplakrika A salur	44x22m	968	x		hálfur stór salur
Íþróttahúsið Kaplakrika B salur	44x22m	968	x		hálfur stór salur
Risinn knattús FH	50x60m	3.000	x		án hita, hálfur knattspyrnuvöllur
Kaplakriki gervigras	90x60m	5.400		x	
Grasæfingasvæði Kaplakrika		12.500		x	
Grasvöllur Kaplakrika		9.200		x	
Frjálsíþróttavöllur Kaplakrika		8.200		x	
Kastvöllur Kaplakrika		4.500		x	
Frjálsíþróttahús Kaplakrika	93,8x49m	4.596	x		
Íþróttahúsið Ásvellir A salur	46x22,5m	1.035	x		hálfur stór salur
Íþróttahúsið Ásvellir B salur	46x22,5m	1.035	x		hálfur stór salur
Ásvellir veislusalur		105 +100	x		
Ásvellir gervigras	115x75m	8.625		x	
Grasæfingasvæði Ásvellir		5.550		x	
Grasvöllur Ásvellir		17.300		x	
Íþ.m. Björk Andrasalur	16x32m	512	x		
Íþ.m. Björk Fimleikasalur		1.128	x		
Íþ.m. Björk Mínerusalur		90	x		
Íþ.m. Björk Danssalur		108	x		
Íþ.m. Björk Bjarkargryfja		145	x		
Hamarsvöllur völlur 1	70x100m	7.000		x	án WC og sturtuáðstöðu
Hamarsvöllur völlur 2	70x100m	7.000		x	án WC og sturtuáðstöðu
Sundhöllin	25mx8,4	350		x	
Suðurbæjarsundlaug innilaug	12,5mx8			x	
Suðurbæjarsundlaug útilaug	25mx12,5			x	
Ásvallalaug keppnisaug	25mx50			x	
Ásvallalaug kennslulaug	16,7x10			x	
Sörli Reiðskemma	40x16m	640	x		

Það vantar til viðbótar upplýsingar á aðstöðu hjá:

- Golfklúbbnum Keili
- Golfklúbbnum Setbergi
- Siglingaklúbbnum Þyt
- Kvartmíluklúbbi Hafnarfjarðar
- Akstursíþróttafélagi Hafnarfjarðar
- Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar
- Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar

4. Samantekt um framlög Hafnarfjarðarbæjar til íþróttafélaga

Neðangreind tafla sýnir greiðslur Hafnarfjarðarbæjar til Íþróttafélaga í Hafnarfirði samkvæmt samningum við þau árin 2008-2014.

Þar er um að ræða greiðslu kostnaðar við rekstur mannvirkja til þeirra sem þau reka, rekstrarstyrki vegna skrifstofuhalds, húsaleigustyrki vegna leigu á húsnæði fyrir starfsemi tveggja félaga, rekstur búnaðar og tækja til nota við kennslu og fl.

Eins og glögt má sjá á greiðslum til þeirra félaga sem eru að reka mannvirki þá hafa orðið miklar sveiflur á milli ára sem stafa af því ástandi sem skapaðist við hrunið 2008 og niðurskurði sem fylgdi í kjölfarið. Leiðréttingar vegna verðbóta eru gerðar á árinu 2012 ásamt öðrum leiðréttingum eftir því sem skýrsluhöfundur fær best séð.

Greiðslur Hafnarfjarðarbæjar til félaga innan ÍBH 2008-2014 samkvæmt samningum

Félag	2008	2009	1010	2011	2012	2013	2014
828 Aksturíþróttafélag Hafnarfj.	0	600	400	200	0	400	400
826 Hnefaleikafélag Hafnarfj	3.300	0	0	0	11.976	2.805	3.300
825 Íþróttafélag Hafnarfjarðar	400	600	600	510	510	510	600
824 Kvartmúluklúbburinn	0	400	400	360	360	360	400
822 Bamintonfélag Hafnarfj.	1.500	1.500	1.500	1.275	1.275	1.275	1.500
821 Fimleikafélagið Björk	1.750	2.500	2.550	2.550	1.750	2.550	2.550
819 Skákdeild Hauka	200	200	200	200	200	0	400
818 Dansíþróttafélag Hafnarfj.	400	400	400	340	340	340	400
816 Skotíþróttafélag Hafnarfj.	400	400	0	140	280	280	400
815 Sundfélag Hafnarfjarðar	5.950	5.000	5.500	4.675	4.675	4.675	5.500
814 Íþróttafélag Fjörður	1.150	1.000	1.000	1.100	1.100	800	1.000
615 Siglingaklúbburinn Þytur	4.200	4.200	4.200	3.570	3.570	3.570	4.200
614 Hestamannfélagið Sörli	10.160	12.094	10.805	9.598	9.548	10.743	12.958
613 Gólkúbburinn Keilir	6.081	6.361	5.753	5.157	5.157	5.591	6.809
612 Íþróttasvæðið Ásvöllum	12.843	17.296	12.054	13.666	13.656	19.553	22.902
611 Kaplakrikavöllur	18.793	17.704	12.279	13.748	13.418	11.736	19.583
518 Knattúsið í Kaplakrika	19.585	21.066	21.181	24.426	27.730	26.804	27.236
513 Íþróttamiðst. Ásvöllum	54.175	55.844	55.127	44.833	71.737	55.745	70.491
512 Íþróttamiðst. Kaplakrika	37.801	45.244	53.454	47.033	76.230	66.060	96.960
Samtals:	178.688	192.409	187.402	173.380	243.513	213.796	277.588
Breyting í % á milli ára.		7,7	-2,6	-7,5	40,5	-12,2	29,8

4.1 Framlög til afreksskóla íþróttafélaganna

Meðfylgjandi tafla sýnir framlög frá Fræðslusviði Hafnarfjarðar vegna reksturs afreksskóla hjá Íþróttafélögunum í Hafnarfirði. Það eru aðeins FH og Haukar sem hafa fengið framlög til 2014.

Það eru engir samningar bakvið þessar greiðslur, þetta er greitt samkvæmt gömlu samkomulagi við félögin að beiðni fræðsluráðs.

Viðtakendur greiðslna frá Hafnarfjarðarbæ eru eftirfarandi samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Sverrissyni fræðslusviði:

- a) FH knattspyrnudeild kt. 410687-1359.

Að mati skýrsluhöfundar væri eðlilegra að gerður yrði samningur við aðalstjórn FH sem fengi þá greiðslurnar.

- b) Mannsrækt ehf. kt. 680509-0690 sem er verktaki hjá Knattspyrnufélagi Hauka samkvæmt samningi við þá.

Að mati skýrsluhöfundar væri eðlilegra að gerður yrði samningur við aðalstjórn Hauka sem fengi þá greiðslurnar.

Framlög Hafnarfjarðarbæjar til reksturs afreksskóla 2010 - 2014

Ár	Björk	FH	Haukar	Samtals.
2010		1.104.000	1.847.040	3.254.640
2011		1.656.000	2.284.800	3.940.800
2012		1.656.000	2.459.520	5.330.130
2013		2.208.000	2.486.400	4.826.575
2014		2.208.000	2.338.560	4.546.560
Samtals:		8.832.000	11.416.320	21.898.705

4.2 Niðurfelling fasteignagjalda og lóðaleigu

Neðangreind tafla sýnir fasteignagjöld og lóðarleigu sem álögd eru á mannvirki í rekstri íþróttafélaganna og eru í eigu Hafnarfjarðarbæjar og íþróttafélaganna. Gjöldin eru síðan felld niður samkvæmt samningum á milli aðilanna. Eftir sem áður greiða íþróttafélögin vatnskatt, holræsagjöld, sorpgjöld og fl. þjónustugjöld.

Niðurfelling fasteignagjalda og lóðarleigu 2008-2014 af íþróttamannvirkjum í rekstri félaga.

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
<u>Kaplakrikavöllur</u>							
Fasteignagjöld	10.659	11.505	8.429	8.791	8.354	8.273	8.609
Lóðaleiga	0	2.791	627	734	1.428	1.514	1.584
	10.659	14.296	9.056	9.525	9.782	9.787	10.193
<u>Íþróttasvæðið Ásvöllum</u>							
Fasteignagjöld	3.817	3.817	3.724	3.284	3.329	3.480	3.653
Lóðaleiga	3.310	2.798	553	647	664	704	736
	7.127	6.614	4.277	3.931	3.994	4.183	4.389
<u>Golfklúbburinn Keilir</u>							
Fasteignagjöld	1.983	2.173	1.858	1.712	1.741	1.860	1.937
Lóðaleiga	383	314	298	348	356	377	394
	2.366	2.487	2.156	2.060	2.096	2.237	2.331
<u>Hestamannafélagið Sörli</u>							
Fasteignagjöld	0	2.013	1.864	1.724	1.755	1.855	1.932
Lóðaleiga	390	390	370	433	441	468	489
	390	2.402	2.234	2.157	2.196	2.323	2.421
<u>Siglingaklubburinn Þytur</u>							
Fasteignagjöld	692	0	641	592	600	634	659
Lóðaleiga	0	0	0	0	0	0	0
	692	0	641	592	600	634	659
<u>Skotíþróttafélag Hfj.</u>							
Fasteignagjöld	0	1.803	1.657	1.526	1.545	1.629	1.694
Lóðaleiga	0	0	0	0	309	328	343
	0	1.803	1.657	1.526	1.854	1.958	2.037
Samtals niðurfelling:	21.233	27.603	20.021	19.791	20.522	21.122	22.030

4.3. Kostnaður Fasteignafélags Hafnarfjarðar við viðhald íþróttamannvirkja 2008-2014

Neðangreind tafla sýnir kostnað Fasteignafélags Hafnarfjarðar árin 2008-2014 við viðhald íþróttamannvirkja og búnaðar þeirra sem notuð eru af íþróttafélögum og skólum bæjarins eftir atvikum (íþróttahús skólanna ekki tekin með).

Fasteignafélag Hafnarfjarðar 2008 - 2014

Viðhald eigna og búnaðar á mannvirkjum sem íþróttafélögin reka í þús. kr.

Íþróttamannvirki	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	Samtals
Íþróttamiðstöðin Kaplakrika	2.728	821	937	1.555	39	7.256	5.659	18.994
Íþróttamiðstöðin Ásvöllum og fl.	3.337	529	396	2.123	651	2.840	15.960	25.835
Sörlastaðir	1.590	60	105	59	12	1.556	2.490	5.872
Keilir	5.831	0	599	0	0	2.936	3.694	13.059
Kvartmílan	0	0	0	0	104	1.500	1.500	3.104
Samtals:	18.195	2.406	3.974	4.934	3.877	25.252	56.019	159.361

Fasteignafélag Hafnarfjarðar 2008 - 2014

Viðhald eigna og búnaðar á mannvirkjum sem íþróttafélögin nota í þús. kr.

Íþróttamannvirki	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	Samtals
Íþróttahús Strandgötu	7.308	11.494	2.693	2.449	2.186	4.795	13.884	44.808
Íþróttahús Bjarkar	242	917	1.403	1.194	3.060	7.763	25.478	40.058
Ásvallalaug	0	916,49	1.973	831	1.388	2.335	9.227	16.670
Samtals:	7.551	13.328	6.069	4.474	6.633	14.893	48.589	101.536

4.4 Fjárfestingar í íþróttamannvirkjum hjá Fasteignafélagi Hafnarfjarðar árin 2005-2014

Meðfylgjandi tafla sýnir fjárfestingar við uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði árin 2005-2014, bæði mannvirki sem Fasteignafélagið rekur og þau sem íþróttafélögin reka.

Fjárfestingar í íþróttamannvirkjum í Hafnarfirði 2005 - 2014 í þús. kr.

Heiti á verknúmeri	skv. ársreikningum										
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	Samtals
Strandgata 53, íþróttahús				497						79.362	79.859
Íþróttamiðstöðin Kaplakrika		129.980	320.692	1.004.461	467.368	437.944	16.263	60.526	61.289	236.099	2.734.621
Íþróttamiðstöðin Ásvöllum		20.533	20.595	29.126	1.986	23.842	9.000	9.000			114.082
Íþróttahús Bjarkar											
Vallarhús Kaplakriki											
Vallarhús Ásvellir											
Suðurbæjarlaug			10.922	34.635	10.634						56.190
Sundhöll Hafnarfjarðar											
Sundmiðstöð Völlum		254.350	907.485	943.018	37.684	11.009	68	178			2.153.792
Sörlastaðir											
Keilir			21.737	21.737	21.737	43.474					108.684
Þytur (siglingaklúbbur)											
Kvartmílan						8.355					8.355
Hamranesvöllur	6.180	26.768									26.768
Skotæfingarsvæði					1.082						1.082
KSÍ Sparkvellir	16.780	16.268	12.894	12.219							41.381
Knatthús Kaplakriki	6.230	24.453									24.453
Tennisvellir íBH- Víðistaðasvæði			3.000								3.000
Samtals:	29.190	67.489	15.894	2.045.693	540.490	524.623	25.331	69.704	61.289	315.461	5.352.268

4.5 Samningur um kaup á eignarhlutum Knattspyrnufélags Hauka í íþróttamannvirkjum að Ásvöllum 1, dags. 28. des. 2012

Hafnarfjarðarbær og Knattspyrnufélagið Haukar gerðu með sér samning um að bærinn kaupi 23,11% eignarhlut Hauka í íþróttamannvirkjum (fasteignir og önnur mannvirki) á lóð að Ásvöllum 1. Undanskilið er félagsheimili Hauka, bensínstöð og viðeigandi aðstaða sem áfram verður 100% eign Hauka. Aðilar eru sammála um að verðmæti eignanna sem kaupa á séu 271 millj. kr. á samningsdegi.

Hafnarfjarðarbær kaupir árlega 7,1% af eignarhlut Hauka í mannvirkjunum og greiðir það með mánaðarlegum greiðslum á 25 árum inn á reikning Hauka hjá Landsbanka Íslands. Fjárhæðin breytist miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á hverjum tíma. Samninginn skal endurskoða árlega með hliðsjón af fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar og er hann uppsegjanlegur af hálfu Hafnarfjarðar með 6 mánaða fyrirvara.

Umsögn skýrsluhöfundar

Það vekur athygli skýrsluhöfundar að Hafnarfjarðarbær er að kaupa 7,1% árlega af eignarhlut Hauka í Ásvöllum 1. Það tekur því 14 ár að eignast eignarhlut Knattspyrnufélagsins Hauka samkvæmt samningnum en kaupandi greiðir kaupverðið á 25 árum. Ef árleg kaup á eignarhluta Hauka og greiðslutími samningsins eiga að stemma saman er verið að kaupa árlega 4% af hlutnum en ekki 7,1%.

5. Framlög nágrannasveitarfélaga til íþróttafélaga til samanburðar við Hafnarfjarðarbæ

Skýrsluhöfundur átti fundi með fulltrúum frá ÍTR í Reykjavík og íþróttastjóra Kópavogs og stafsmönnum hans. Einnig var hann í sambandi við íþróttastjóra Garðabæjar og forstöðumann íþróttamála í Mosfellsbæ.

Það sem vakti athygli skýrsluhöfundar er að bæði í Reykjavík og Kópavogi hefur verið horfið frá skiptingu byggingarkostnaðar í hlutföllunum 80/20 eða 90/10 í nýframkvæmdum í íþróttamálum. Nú er það með þeim hætti að sveitarfélögin byggja 100% á sinn kostnað. Jafnframt er það stefnan að gera rekstrarsamninga við íþróttafélögin um rekstur mannvirkja eftir því sem hægt er. Síðan eru gerðir þjónustusamningar við félögin um þjónustu sem félögin leggja fram í bæjarfélaginu eins og gert er í Kópavogi og Reykjavík.

(Sjá nánar í viðauka með skýrslunni).

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Samnanburður í kr. pr. íbúa árin 2008 - 2013

Ár	Hafnarfjörður		Reykjavík		Kópavogur		Garðabær		Mosfellsbær		
	Kr. á íbúa	kr.	br. %	kr.	br. %	kr.	br. %	kr.	br. %	kr.	br. %
2008		44.270		47.781		36.286		48.100		55.025	
2009		50.860	14,9	45.789	-4,2	43.793	20,7	45.420	-5,6	60.563	10,1
2010		50.365	-1,0	44.422	-3,0	44.411	1,4	53.201	17,1	66.119	9,2
2011		45.060	-10,5	47.779	7,6	43.994	-0,9	59.356	11,6	56.011	-15,3
2012		45.372	0,7	48.453	1,4	48.426	10,1	64.737	9,1	59.533	6,3
2013		42.754	-5,8	47.254	-2,5	50.733	4,8	73.117	12,9	66.036	10,9
Breyting '08 og '13			-3,4		-1,1		39,8		52,0		20,0

Heimild. Samband íslenskra sveitarfélaga

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Árið 2010 Kr. á íbúa	Sveitarfélag				
	Hafnarfjörður	Reykjavík	Kópavogur	Garðabær	Mosfellsbær
06 0 Sameiginlegir liðir					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-123	-96	-148		
Laun og launatengd gjöld	1.460	1.290	1.272	187	160
Annar rekstrarkostnaður	4.533	1.647	316	20	73
06 0 Sameiginlegir liðir Total	5.870	2.841	1.441	207	234
06 2 Æskulýðsmál					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-297	-2.118	-157	-150	-1.403
Laun og launatengd gjöld	10.444	6.311	2.958	3.179	10.018
Annar rekstrarkostnaður	646	2.426	993	514	1.050
06 2 Æskulýðsmál Total	10.794	6.620	3.794	3.542	9.665
06 5 Íþróttahús og sundlaugar					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-21.736	-5.432	-33.987	-7.726	-20.891
Laun og launatengd gjöld	9.949	6.044	9.007	11.683	16.695
Annar rekstrarkostnaður	29.011	8.946	36.225	22.626	36.239
06 5 Íþróttahús og sundlaugar Total	17.224	9.558	11.246	26.583	32.043
06 6 Íþróttasvæði					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur		-276	-4.837		-4.534
Laun og launatengd gjöld		188	1.581	84	
Annar rekstrarkostnaður		1.334	3.354	5.848	3.911
06 6 Íþróttasvæði Total	0	1.246	98	5.932	-623
06 8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur		-179			
Laun og launatengd gjöld		62			10
Annar rekstrarkostnaður	16.477	24.275	27.832	16.936	24.790
06 8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála	16.477	24.157	27.832	16.936	24.800
06 Æskulýðs- og íþróttamál samtals 2010	50.365	44.422	44.411	53.201	66.119
Mismunur á milli Hafnarfjarðar og hinna sveitarfélagana		-11,8	-11,8	5,6	31,3

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Árið 2011 Kr. á íbúa	Sveitarfélag				
	Hafnarfjörður	Reykjavík	Kópavogur	Garðabær	Mosfellsbær
06 0 Sameiginlegir liðir					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-97	-101	-141		
Laun og launatengd gjöld	1.282	1.772	1.110	94	135
Annar rekstrarkostnaður	3.395	1.491	344	19	82
06 0 Sameiginlegir liðir Total	4.581	3.162	1.313	113	218
06 2 Æskulýðsmál					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-221	-487	-83	-67	-1.492
Laun og launatengd gjöld	5.289	6.010	2.378	3.009	4.959
Annar rekstrarkostnaður	564	2.766	701	669	1.580
06 2 Æskulýðsmál Total	5.631	8.289	2.995	3.611	5.046
06 5 Íþróttahús og sundlaugar					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-13.679	-5.263	-37.400	-10.752	-23.466
Laun og launatengd gjöld	9.392	5.822	9.949	12.196	16.981
Annar rekstrarkostnaður	22.815	10.140	37.317	30.428	35.655
06 5 Íþróttahús og sundlaugar Total	18.528	10.698	9.866	31.871	29.170
06 6 Íþróttasvæði					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur		-197	-4.600		-4.386
Laun og launatengd gjöld		162	1.647	13	
Annar rekstrarkostnaður	4.306	2.057	3.401	6.188	3.628
06 6 Íþróttasvæði Total	4.306	2.022	448	6.202	-758
06 8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur		-202			
Laun og launatengd gjöld		62			24
Annar rekstrarkostnaður	12.014	23.747	29.371	17.559	22.311
06 8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála	12.014	23.607	29.371	17.559	22.335
06 Æskulýðs- og íþróttamál samtals 2011	45.060	47.779	43.994	59.356	56.011
Mismunur á milli Hafnarfjarðar og hinna sveitarfélagana		6,0	-2,4	31,7	24,3

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Árið 2012 Kr. á íbúa	Sveitarfélag				
	Hafnarfjörður	Reykjavík	Kópavogur	Garðabær	Mosfellsbær
06 0 Sameiginlegir liðir					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-94	-60	-154		
Laun og launatengd gjöld	1.653	926	1.291	139	167
Annar rekstrarkostnaður	3.427	717	491	8	104
06 0 Sameiginlegir liðir Total	4.986	1.583	1.628	147	272
06 2 Æskulýðsmál					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-269	-1.096	-75	-232	-1.299
Laun og launatengd gjöld	5.565	6.504	4.228	3.242	4.998
Annar rekstrarkostnaður	488	2.958	906	1.091	774
06 2 Æskulýðsmál Total	5.784	8.366	5.058	4.101	4.473
06 5 Íþróttahús og sundlaugar					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-18.250	-5.762	-39.857	-11.139	-24.632
Laun og launatengd gjöld	9.265	6.030	11.031	12.280	16.505
Annar rekstrarkostnaður	26.118	11.641	39.023	32.652	38.944
06 5 Íþróttahús og sundlaugar Total	17.133	11.910	10.196	33.793	30.818
06 6 Íþróttasvæði					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur		-121	-5.083		-5.493
Laun og launatengd gjöld		3	1.571	19	
Annar rekstrarkostnaður	4.770	1.891	3.634	5.912	3.675
06 6 Íþróttasvæði Total	4.770	1.773	122	5.931	-1.819
06 8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur		-380			
Laun og launatengd gjöld		69			27
Annar rekstrarkostnaður	12.699	25.133	31.420	20.765	25.762
06 8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála	12.699	24.822	31.420	20.765	25.789
06 Æskulýðs- og íþróttamál samtals 2012	45.372	48.453	48.426	64.737	59.533
Mismunur á milli Hafnarfjarðar og hinna sveitarfélagana		6,8	6,7	42,7	31,2

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Árið 2013 Kr. á íbúa	Sveitarfélag				
	Hafnarfjörður	Reykjavík	Kópavogur	Garðabær	Mosfellsbær
06 0 Sameiginlegir liðir					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-297	-80	-130		
Laun og launatengd gjöld	1.619	986	1.290	144	202
Annar rekstrarkostnaður	3.205	698	552	3	109
06 0 Sameiginlegir liðir Total	4.526	1.604	1.712	146	311
06 2 Æskulýðsmál					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-426	-428	-89	-213	-1.214
Laun og launatengd gjöld	5.466	3.930	4.597	3.033	5.019
Annar rekstrarkostnaður	624	1.164	810	1.028	847
06 2 Æskulýðsmál Total	5.665	4.666	5.318	3.848	4.652
06 5 Íþróttahús og sundlaugar					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-18.159	-6.184	-41.518	-12.042	-30.730
Laun og launatengd gjöld	9.491	6.610	11.448	15.183	17.491
Annar rekstrarkostnaður	24.075	12.367	40.566	39.884	40.832
06 5 Íþróttahús og sundlaugar Total	15.406	12.794	10.496	43.024	27.592
06 6 Íþróttasvæði					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur		-129	-5.397		-5.835
Laun og launatengd gjöld		3	1.842	5	
Annar rekstrarkostnaður	4.854	1.894	3.697	6.919	6.064
06 6 Íþróttasvæði Total	4.854	1.768	142	6.925	228
06 8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur		-396			
Laun og launatengd gjöld		71			21
Annar rekstrarkostnaður	12.303	26.747	33.065	19.173	33.232
06 8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála	12.303	26.422	33.065	19.173	33.253
06 Æskulýðs- og íþróttamál samtals 2013	42.754	47.254	50.733	73.117	66.036
Mismunur á milli Hafnarfjarðar og hinna sveitarfélagana		10,5	18,7	71,0	54,5

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

5.1 Niðurgreiðslur (hvatapeningar) sveitarfélaga til iðkenda

Nokkuð misjafn er hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu með hvaða hætti stuðningur eða niðurgreiðslur til iðkenda barna og unglinga er.

Hafnarfjörður

Niðurgreiðslur vegna íþróttá- og tómsundarstarfs.

Félag/deild fær greiddar fyrir hvern iðkanda til lækkunar á þátttökugjaldi mánaðarlega eins og hér segir:

- Kr. 1.700 fyrir 6 ára til 12 ára.
- Kr. 2.550 fyrir 13 ára til 16 ára og miðað skal við fæðingarár.

Ber félagi/deild að lækka þátttökugjald iðkandans sem þessu nemur við greiðslu á æfingagjaldi. Niðurgreiðslur ná einungis til félaga með skipulagða kennslu/þjálfun í að minnsta kosti 10 vikur í senn og að lágmarki eina æfingu í viku. Ef þátttökugjald er hærra en sem nemur niðurgreiðslu Hafnarfjarðarbæjar innheimtir félag/deild mismuninn hjá forráðamönnum. Niðurgreiðsla bæjarins skal ekki nema hærri fjárhæð en ákvörðuðu æfingargjaldi. Niðurgreiðslur ná eingöngu til tveggja íþróttá- og/eða tómsundagreina í senn.

Niðurgreiðsla fyrir þá sem stunda gólfíþróttir, badminton o.fl.:

- Fyrir börn 6-12 ára er niðurgreiðslan kr. 15.300.
- Fyrir 12-16 ára er niðurgreiðslan kr. 22.950.

Niðurgreiðsla fyrir þá sem stunda fótbolta, fimleika og aðrar greinar sem æfa allt árið:

- Fyrir börn 6-12 ára er niðurgreiðslan kr. 20.400.
- Fyrir 12-16 ára er niðurgreiðslan kr. 30.600.

Umsögn skýrsluhöfundar

Þetta niðurgreiðsluform er að mati skýrsluhöfundar ósanngjarnt og mismunar börnum og unglingum eftir aldri, fjárhagsstöðu foreldra og íþróttá- og tómsundagreinum. Styrkurinn er frá 15.300 kr. fyrir þá sem eru yngri og stunda aðeins eina grein, sem getur stafað af áhuga bara á einni grein og/eða að fjárhagur foreldra leyfir ekki greiðslu á mismun ef stundaðar eru 2 greinar. Styrkurinn fer svo allt upp í 61.200 kr. ef viðkomandi einstaklingur er eldri en 12 ára og stundar tvær greinar sem eru með æfingar allt árið. Þetta getur verið allt að 299% munur á niðurgreiðslum sveitarfélagsins á milli einstaklinga. Samkvæmt upplýsingum úr Nora-kerfinu er meðaltals greiðsla á iðkenda á árinu 2013 kr. 12.904.

Við skoðun á niðurgreiðslum til iðkenda á milli félaga kemur fram gríðarlegur munur á því hve stórt hlutfall iðkenda er að fá/sækja um niðurgreiðslur. Skýrsluhöfundur telur að skoða verði nánar hvort það geti verið að kerfið sé ekki að virka eins og það á að gera því þessi munur getur tæplega stafað af áhugaleysi foreldra/forráðamanna iðkenda á að sækja um og fá niðurgreiðslur til íþróttá og tímstunda.

Full ástæða er til að niðurgreiða íþróttá- og tómsundastarf að 18 ára aldri en það er mikið brottfall í þessum aldurshópi. Þetta er sá aldurshópur sem mjög mikilvægt er að halda eins lengi í íþróttá- og

tómstundastarfi og kostur er. Það getur kostað frá 60.000 kr. og upp í yfir 150.000 kr. að stunda æfingar og keppni hjá þessum hópi og því verulega íþyngjandi fjárhagslega fyrir efnaminni foreldra.

Skýrsluhöfundur leggur til að Hafnarfjarðarbær taki upp svipað fyrirkomulag og er hjá hinum sveitafélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Miðað sé við árið sem börn verða sex ára og að sama upphæð sé á hvern einstakling 6-18 ára, sem leyfilegt væri að skipta á tvær greinar í íþróttum/tómstundum ef viðkomandi óskaði þess.

Garðabær

Hvatapeningar

Hvatapeningar ársins 2015 eru 27.500 krónur á barn. Öll börn á aldrinum 5-18 ára fá nú hvatapening, þ.e. börn fædd á árunum 1997-2010. Hvatapeningana er hægt að nýta til að lækka kostnað við skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf sem nær yfir 10 vikur að lágmarki. Ungmenninn í þremur elstu árgöngunum, þ.e. þau sem eru fædd 1997, 1998 og 1999 geta fengið hvatapeninga greidda vegna kaupa á korti í líkamsræktarstöð. Hvatapeningar eru hugsaðir til að hvetja börn og unglinga á aldrinum 5 til 18 ára til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi sem leitt er af þar til hæfum leiðbeinendum. Ekki er heimilt að flytja styrkinn á milli ára.

Kópavogur

Frístundastyrkir Kópavogs 2015

Kópavogsbær veitir foreldrum/forráðamönnum barna á aldrinum 5-18 ára, með lögheimili í Kópavogi, frístundastyrk vegna þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Frá og með 1. janúar 2015 er styrkurinn 30.000 krónur á barn á ári. Heimilt er að ráðstafa frístundastyrknum hvenær sem er á árinu óháð fjölda greina/námskeiða.

Markmið og tilgangur Frístundastyrksins er að öll börn, 5-18 ára, í Kópavogi, geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Meginskilyrði styrkjanna er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna. Meginskilyrði þeirra aðila sem gerast aðilar að Frístundastyrk Kópavogsbæjar er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna og fari fram undir stjórn/leiðsögn menntaðs fagaðila á sviði íþrótt- og tómstunda. Styrkhæf starfsemi þarf að vera í 10 vikur samfelld hið minnsta. Ekki er heimilt að flytja styrkinn á milli ára.

Reykjavík

Frístundakort

Styrkurinn verður frá og með 1. janúar 2015 35.000 kr. á barn á ári en ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum.

Börn sem verða sex ára á árinu eiga rétt á styrk frá 1. janúar það ár og út árið sem þau eru 18. Einstaklingar sem orðnir eru 18 ára þurfa að skrá sig sjálfir inn í Rafræna Reykjavík til þess að rástafa styrknum.

Meginskilyrði félaga sem gerast aðilar að Frístundakortinu er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi og að starfsemin fari fram undir leiðsögn starfsmanna og leiðbeinanda sem eru hæfir til að starfa með börnum og unglíngum. Styrkhæf starfsemi þarf að vera við lýði í 10 vikur samfelld hið minnsta. Innheimta aðildarfélaga er með ýmsum hætti og er mikilvægt að forráðamenn kynni sér hvernig innheimtu er háttað hjá aðildarfélagi síns barns. Félögum er heimilt að ákveða sjálf lokadag ráðstöfunar á hverri önn svo hægt sé að ganga frá innheimtu eftirstöðva séu þær einhverjar. Ekki er heimilt að flytja styrkinn á milli ára.

Mosfellsbær

Frístundaávisun

Mosfellsbær styrkir frístundaiðkun allra barna og unglínga á aldrinum 6-18 ára með lögheimili í Mosfellsbæ með framlagi að upphæð 25.000 kr. Markmið þessarar niðurgreiðslu er að hvetja börn og unglínga til að finna sér frístund sem hentar hverjum og einum. Styrkurinn er afhentur í gegnum íbúagátt Mosfellsbæjar og geta foreldrar og forráðamenn því með rafrænum hætti greitt fyrir frístundaiðkun barna sinna. Tímabil styrkveitingar hefst 1. júlí ár hvert og stendur til 30. júní árið eftir. Ef félag sem barn vill sækja námskeið hjá er ekki skráð í íbúagáttinni þarf viðkomandi félag að senda beiðni um að komast á listann, félög þurfa að uppfylla allar kröfur og samþykkja skilmála Mosfellsbæjar.

6. Samningsform Kópavogsbæjar skoðað

Umsögn skýrsluhöfundar

Samningar hjá Kópavogsbæ við íþróttafélögin byggjast upp á að skilja á milli hefðbundis reksturs húsnæðis og valla (mannvirkja) annars vegar og félagslega hluta félaga, „framlagi til rekstrar skrifstofu, yfirstjórnar íþróttamála“ hins vegar sem félögin ná í gegnum samningana. Með hefðbundnum rekstri er átt við hvað reksturinn kostar óháð því hver sæi um reksturinn, t.d. bærinn.

Rekstrarsamningur:

Í rekstrarsamningunum um rekstur mannvirkja og íþróttavalla eru gerðar strangar kröfur varðandi ýmsa þætti samningsins s.s. samninga við starfsfólks, innkaup á rekstrarvörum, bókhaldslegt uppgjör á rekstri tvisvar á ári, skiptingu viðhalds á milli íþróttafélagsins og bæjarfélagsins og fl. (Sjá nánar í viðauka með skýrslunni).

Þjónustusamningur:

Með „þjónustusamningi“ er átt við samning um þá þjónustu sem félagið leggur fram í bæjarfélaginu og með hvaða hætti bæjarfélagið greiði félaginu fyrir þá þjónustu. Jafnframt er þar kveðið á um þjónustuframlag íþóttafélags, gæðaviðmið, forsendur fyrir framlagi og samráðsfundi á milli aðila.

Með þessu fyrirkomulagi eru viðskipti bæjarfélagsins gegnsæ og allt uppi á borðinu á milli íþróttafélaganna.

Forsendur fyrir framlagi til félaga fer eftir tveimur breytum. Þær eru:

- Fjöldi iðkenda (6 – 19 ára).
- Fjöldi deilda (lágmark 70 iðkendur pr. deild).

(Sjá nánar í viðauka með skýrslunni).

Þetta fyrirkomulag kemur í veg fyrir að togsteita skapist á milli félaga sem eru að reka húsnæði í umboði bæjarfélagsins og þeirra sem það gera ekki. Árleg framlög og greiðslur byggjast á því að gert sé ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun bæjarfélagsins hvert ár. Þau eru ekki bundin ákveðnum vísitöluhækkunum heldur ákvörðun bæjarfélagsins á verðbreytingum hverju sinni. Gerðar eru kröfur um greinargóða ársreikninga og uppgjör þannig að fylgjast má vel með rekstri mannvirkja og íþróttavalla hjá þeim sem þau reka þau í umboði Kópavogs.

Munurinn á samningsformi Kópavogsbæjar og þess fyrirkomulags sem hefur verið í Hafnarfirði er:

1. Rekstrarsamningar í Kópavogi eru einskorðaðir við rekstrarkostnað mannvirkja með þeim starfsmannafjölda sem þarf til reksturs þeirra. Upphæðir samninganna eru miðaðar við að félögin fái greiðslur eins og að bæjarfélagið ræki húsin sjálf.
2. Upphæðir samninga Kópavogs eru samkvæmt ákvörðunum í fjárhagsáætlun hvers árs en ekki bundnar vísitölum eins og er í Hafnarfirði. Þær eru hækkaðar um sama hlutfall á milli ára og notað er í fjárhagsáætlunum Kópavogsbæjar.
3. Gerðir eru sérstakir þjónustusamningar hjá Kópavogsbæ við íþróttafélög þar sem greitt er fyrir þjónustu sem veitt er íbúum sveitarfélagsins. Samningunum er ætlað að standa undir kostnaði við stjórnun, íþróttastjóra og rekstur skrifstofu. Í samningum hjá Hafnarfjarðarbæ er aðeins greitt fyrir reksturs skrifstofu. Upphæðir samninga í Kópavogi eru samkvæmt

ákvörðunum í fjárhagsáætlun hvers árs. Þær eru hækkaðar um sama hlutfall á milli ára og notað er í fjárhagsáætlunum Kópavogsbæjar.

- 4. Í samningum hjá Kópavogsbæ eru gerðar strangar kröfur um bókhald og endurskoðun ársreikninga íþróttafélaganna, ráðningar og samninga við starfsfólk samkvæmt samningum við stéttarfélagin, kröfur um gæðaviðmið og viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ, gerð fjárhagsáætlana og fl. Þessar kröfur eru ekki eins miklar í samningum hjá Hafnarfjarðarbæ og í sumum tilfellum ekki til staðar.*

7. Tillögugerð um nýtt samningsform

Skýrsluhöfundur leggur til að svipuðu fyrirkomulagi verði komið á í Hafnarfirði og er hjá Kópavogsbæ. Greina þarf raun rekstrarkostnað þeirra mannvirkja sem félögin í Hafnarfirði reka samkvæmt samningum við Hafnarfjarðarbæ.

Ákveða þarf eftir hvaða reglum iðkenda fjöldi verði skilgreindur til að koma í veg fyrir mismunun. Jafnframt þarf að ákvarða hvaða kröfur séu gerðar varðandi rekstur húsa (kröfulýsingu) og hvort núverandi rekstur falli að þeim kröfum.

Til viðbótar við forsendur hjá Kópavogi fyrir framlagi til félaga hefur tillagan verið aðlöguð til að hægt sé að nota hana fyrir félög með færri en 1.000 iðkendum.

		Flokkar			
		Deildir			
		1	2	3	4
iðkendumur	>2000			IV	V
	>1000			III	IV
	>500	II	III		
	>250	I	II		

Félag með meira en 250 iðkendumur og 1 deild fer í flokk I
 Félag með meira en 500 iðkendumur og 1 deild fer í flokk II
 Félag með meira en 500 iðkendumur og 2 deildir fer í flokk III
 Félag með meira en 1000 iðkendumur og 3 deildir fer í flokk III
 Félag með meira en 1000 iðkendumur og 4 deildir fer í flokk IV
 Félag með meira en 2000 iðkendumur og 3 deildir fer í flokk IV
 Félag með meira en 2000 iðkendumur og 4 deildir fer í flokk V

tá. 3.04 '15

Tillaga að framlagi þjónustusamninga 2016

Flokkur	Framlag	Fjárhæð
I	¼ framkvæmdastjóri/íþróttastjóri Rekstur skrifstofu	
II	½ framkvæmdastjóri/íþróttastjóri Rekstur skrifstofu	
III	Framkvæmdastjóri ½ Íþróttastjóri Rekstur skrifstofu	
VI	Framkvæmdastjóri Íþróttastjóri Rekstur skrifstofu	
V	Framkvæmdastjóri 1 ½ Íþróttastjóri Rekstur skrifstofu	

Tá. 3.04. 2015

8. Þarfagreining fyrir íþróttafélögin á viðbótaríþróttastöðu á næstu árum, þ.m.t. húsnæði

Eins og fram hefur komið í þessari skýrslu forgangsraðar Íþróttabandalag Hafnarfjarðar ekki óskum og umsóknum aðildarfélaga sinna um framkvæmdir (ný- og viðhaldsframkvæmdir). Þetta er mjög óheppilegt bæði fyrir félögin og ekki síst fyrir bæjarfélagið að mati skýrsluhöfundar. Til að öll uppbygging og endurnýun verði markviss og að hægt sé að gera langtímaáætlanir verður að forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi og þörfum félaganna.

Íþróttahreyfingin verður að koma sér saman um niðurröðun verkefna til að kjörnir fulltrúar sveitarfélagsins eigi auðveldara með að vinna að framgangi verkefna. Það er óæskilegt og ekki eðlilegt að byggt sé eingöngu á pólitískum ákvörðunum hvernig verkefnum er forgangsraðað.

Skýrsluhöfundur gat ekki fengið upplýsingar frá ÍBH um afgreiðslu 49. þings Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem sem haldið var 25. apríl sl. varðandi óskir um framkvæmdir hjá félögunum sem æskilegt hefði verið að hafa til hliðsjónar varðandi þennan kafla. Stuðst var við þinggerð frá 48. þingi ÍBH frá 27. apríl 2013.

Í framhaldi af samskiptum skýrsluhöfundar við íþróttafélögin, á fundum, í símaviðtölum og í tölvupóstsamskiptum þá er niðurstaða skýrsluhöfundar um forgangsröðun verkefna í flokka eins og að neðan greinir en ekki er gerð forgangsröðun innan hvers flokks:

Flokkur 1

a) Golfklúbburinn Keilir

Endurgerð brauta 10, 11 og 12 á Hvaleyrarhluta vallarins samkvæmt áætlunum frá sept. 2014 og skýrslu um skipulagningu golfvallar Golfklúbbsins Keilis frá nóvember 2013.

Greinargerð:

Stjórnendur Golfklúbbsins Keilis eru búnir að láta vinna skipulag fyrir golfvöll félagsins ásamt kostnaðaráætlun um endurgerð á brautum 10-18 á árunum 2014-2022. Félagið hefur þegar hafið framkvæmdir við holu 12 og lauk þeim síðla árs 2014. Það er þegar byrjað á braut 10 og er því nauðsynlegt að mati stjórnenda félagsins að ljúka henni og braut 11 á árinu 2015 ef hægt er. Skýrsluhöfundur telur að skynsamlegt sé að klára brautir 10 og 11 eins og áætlanir félagsins gera ráð fyrir og að það fjármagn sem þegar er búið að leggja í breytingarnar nýtist sem fyrst.

Í framhaldinu væri síðan stefnt að því að ljúka brautum 13-18 á árunum 2016-2020.

b) Knattspyrnufélagið Haukar

Viðbygging við íþróttahúsið að Ásvöllum með byggingu á viðbótaríþróttasal (körfuboltasal).

Greinargerð:

Eins og kemur fram í þinggerðum ÍBH á undanförunum þingum er mikil þörf á byggingu á nýjum íþróttasal við íþróttamiðstöðina að Ásvöllum. Með tilkomu hans skapast fyrst rými fyrir þann mikla fjölda iðkenda sem er hjá Haukum í körfubolta, handbolta og nú nýrri blakdeild, en þeir hafa ekki getað boðið upp á sambærilegan æfingafjölda og æskilegt væri í

samanburði við önnur íþróttafélög. Önnur íþróttahús bæjarsins hafa verið nýtt til að reyna að fullnægja lágmarkspörf fyrir húsnæði. Ekki hefur verið rúm fyrir leiki í mótum hjá félaginu nema að fella niður æfingar hjá iðkendum sem ekki er ásættanlegt. Þessi framkvæmd mun leysa úr brýnni þörf Hauka, skóla og annara íþróttafélaga á húsnæði fyrir kennslu, æfingar og keppni.

Á árinu 2014 eru um 900 iðkendur 16 ára og yngri sem stunda æfingar og keppni á parketi auk þess rúmlega 200 sem eru 17 ára og eldri.

c) Hestamannafélagið Sörli

Viðbygging- og/eða endurbætur (þak, gólf, gerði og fl.) á reiðhöll Hestamannafélagsins Sörli.

Greinargerð:

Ástand á mannvirkjum hjá Hestamannafélaginu Sörli er orðið mjög bágborið og fullnægir engan veginn þörfum þeirra og því öflugra starfi sem þar er. Það hamlar eðlilegri þjónustu við íbúa Hafnarfjarðar bæði er varðar unglिंगastarf sem og starf hinna eldri. Þak reiðhallarinnar lekur, gólfið er löngu ónýtt og þarfnast algerrar endurnýjunar. Það bráðvantar tækjageymslu og reiðgerðin eru orðin meira og minna ónýtt.

Verið er að vinna deiliskipulag fyrir svæði félagsins, meðal annars með tilliti til byggingar nýrrar reiðhallar. Tillaga skýrsluhöfundar er að í fyrsta áfanga verði nýverandi reiðhöll lengd svo að skipta megi salnum í a.m.k. tvo hluta til að fjölga mögulegum æfingum og kennslu. Um leið væri þak og gólf endurnýjað. Athuga þyrfti hvort hægt væri að útbúa um leið tækjageymslu fyrir félagið en nú eru tæki geymd að mestu utandyra.

Flokkur 2

a) Kvartmiluklúbbur Hafnarfjarðar

Gerð nýrra brauta og tímatökuhúss og geymslu fyrir tæki og búnað.

Greinargerð:

Stjórnendur Kvartmiluklúbbs Hafnarfjarðar hafa byggt upp myndarlega aðstöðu í Kapelluhrauninu. Nú er komið að næsta áfanga sem er að ljúka malbikun og fágangi viðbótarbrauta sem meðal annars þjóna akstri frá sjálfri keppnisbrautinni. Jafnframt þarf að klára manir og annan frágang lóðar. Samhliða þessu þarf að ljúka við byggingu stjórnhúss fyrir keppni, aðstöðu fyrir tímatökubúnað og geymslu tækja og annars búnaðar. Ökuskóli 3 hefur verið í samningum við Kvartmiluklúbbinn um að flytja aðstöðu og stafsemi sína á svæði klúbbsins. Það yrði mikil lyftistöng fyrir klúbbinn sem og fyrir Hafnarfjarðarbæ að fá þá starfsemi í bæjarfélagið.

b) Knattspyrnufélagið Haukar

Bygging knatthúss á íþróttasvæði félagsins að Ásvöllun.

Greinargerð:

Knattspyrnufélagið Haukar er með öflugt barna -og unglिंगastarf í knattspyrnu. Aðstaða til vetraræfinga innanhúss er engin nema á gervigrasvellinum sem ekki er nægjanlegt vegna

þeirra krafna sem eru í dag varðandi æfingar og keppni fyrir unga sem aldna. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum er um að ræða lítið knattþús, 44x64 m að stærð, auk hliðarrýmis (3.100 m²) sem jafnframt gæti nýst sem þak á núverandi stúku við gervigrasvöllinn. Þetta myndi gjörbreyta allri starfsemi knattspyrnudeildar Hauka og gera hana samkeppnishæfa við önnur félög varðandi þjónustu við íbúa svæðisins. Eins og staðan er í dag varðandi inniaðstöðu fyrir æfingar í knattspyrnu þá er það bara Risinn, FH-Knattþús, sem er til staðar og FH og Haukar, grunnskólar og almenningur fá tíma í. Það eru 8 klst. á sunnudögum frá október og út apríl sem úthlutað er til Hauka, 8 klst. fyrir grunnskóla og almenning og FH fær annan tíma. Af þessu sést að brýn þörf er fyrir Hauka að fá viðbótar aðstöðu varðandi æfingar og keppni fyrir iðkendur knattspyrnu hjá félaginu.

c) Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar

Húsnæði með tilheyrandi aðstöðu fyrir Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar.

Greinargerð:

Staðan í húsnæðismálum Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar er ófullnægjandi og brýn þörf á að bæta þar úr. Húsnæðið er ekki vatnshelt, loftræstikerfið í ólagi, sturtu- og búningsklefar ófullnægjandi. Lofthæð er ekki nægjanleg til að boxhringurinn teljist löglegur, engin þvottaaðstaða, engir skápar fyrir verðmæti og áhöld. Þetta átti bara að vera til bráðabirgða og getur vart talist ásættanleg í núveandi ástandi.

Athuga þarf hvort ekki væri hægt að koma upp aðstöðu fyrir félagið í einhverjum af þeim húsum sem Hafnarfjarðarbær á og rekur í dag og þá með færanlegum boxhring.

9. Ábendingar skýrsluhöfundar

Við gerð þessarar skýrslu eru nokkur atriði sem hafa valdið skýrsluhöfundi erfiðleikum við að átta sig á hver raunveruleikinn er. Þetta eru meðal annars eftirfarandi þættir:

Upplýsingar um iðkendafjölda

Þarna er um frumskóg að ræða. Raunverulegar upplýsingar um fjölda iðkenda samkvæmt bókuðum æfingagjöldum og samningum hafa borist frá sumum félögum. Síðan eru það tölur úr Felix upplýsingakerfinu og í þriðja lagi úr Nora kerfinu. Ekkert í þessum upplýsingum og talnaefni passar saman og í sumum tilfellum munar um helming á raunverulegum iðkendum og því sem t.d. Felix kerfið segir til um. Eftir upplýsingum sem skýrsluhöfundur hefur fengið frá sumum félögum þá eru skráðir allir sem einu sinni koma á æfingu eða inn í starfsaðstöðu þeirra, burt sé frá því hvort þeir hafi komið aftur eða greitt æfingagjöld. Þar er ekki gerður greinarmunur á hvort um er að ræða stutt námskeið (örfáir tímar) eða reglulegar æfingar til lengri tíma. Það upplýstist jafnframt að þessar tölur í Felix væru til að tryggja sem hæstu greiðslur úr skiptingu tekna úr Lottópottinum og fleiri þáttum er varða styrki og framlög. Það skal tekið fram að það er nokkuð misjafnt á milli félaga hvernig þessi skráning er meðhöndluð hjá félögum innan ÍBH. Það virðist vera að stór hluti félöga innan ÍSÍ hafi iðkendatölur sínar sem hæstar og er þetta því ekkert einsdæmi hjá félögum innan ÍBH. Reglurnar virðast vera ansi rúmar varðandi hvernig og hverja hægt er að skrá sem iðkendur.

Upplýsingar úr Nora-kerfinu virðast heldur ekki vera trúverðugar þar sem munurinn á milli fjölda iðkenda 16 ára og yngri sem fá niðurgreiðslu, getur verið allt að 72,3% ef miðað er við upplýsingar úr Felix-kerfinu eins og er hjá SH. Hjá Dansíþróttafélaginu munar þetta 50,5%, hjá BH eru það 32,4%, Haukum 49,2%, FH 19,8% og Björkunum 39,0%.

Þegar bornar eru saman iðkendatölur 16 ára og yngri frá Haukum og FH þá er munurinn á þeim og niðurgreiðslum samkvæmt Nóra-kerfinu þannig að hjá Haukum eru það 37,15% færri sem fá niðurgreiðslur og hjá FH eru það 2,4% fleiri sem fá niðurgreiðslur en skráðir iðkendur eru. Getur verið að það séu einhverjar villur í Nora-kerfinu? Alla vega er fyllsta ástæða til að skoða þetta nánar því þessi munur á milli fjölda iðkenda annars vegar og fjölda þeirra sem fá niðurgreiðslur hins vegar er mjög ótrúverður.

Skýra þarf og samræma með hvaða hætti iðkendur eru skráðir hjá félögum í Hafnarfirði gagnvart Hafnarfjarðarbæ. Ef farið verður í breytingar á samningsformi við íþróttafélögin þarf að skilgreina eftir hvaða iðkendafjölda verði farið.

Upplýsingar um raunverulegar þarfir á æfingar- og keppnistímum í íþróttamannvirkjum

Eitt af grundvallaratriðum við greiningu á þörfum fyrir aðstöðu til íþróttaiðkunar í Hafnarfirði er að iðkendatölur í hverri íþróttagrein endurspegli raunverulegan fjölda iðkenda. Annað er að réttar upplýsingar séu til staðar um þörf íþróttafélaganna fyrir tíma í íþróttamannvirkjum og völlum sem byggðar eru á fjölda iðkenda og æfinga í hverri grein og flokkum. Íþróttafélögin senda inn til ÍBH óskalista yfir þarfir sínar (sem stundum eru óraunhæfar). Ekki er gerður samanburður á úthlutuðum tímum til félaganna og æfingartöflum þeirra til að sannreyna þarfirnar. Rekstraraðilar íþróttamannvirkja, að undanskyldu Íþróttahúsinu í Strandgötu og að hluta til Bjarkarhúsinu, skrá ekki niður nýtingu tíma í mannvirkjunum eftir því sem best er vitað. Illa gekk að fá stundatöflur fyrir húsin/íþróttavelli með upplýsingum um nýtingu þeirra og hvað væri á hverjum tíma í hverjum sal/velli. Slíkar upplýsingar bárust aðeins frá þremur húsum.

Rekstrarlegar upplýsingar

Nokkuð var um að þær rekstrarlegu upplýsingar sem skýrsluhöfundur fékk væru áætlanir en ekki raunverulegar rekstrartölur. Þetta olli nokkrum vandræðum og var til trafala. Bókhald og ársreikningar félaganna voru í flestum tilfellum í góðu lagi. Skerpa þarf á því að þeir aðilar sem eru með margþættan rekstur deildaskipti bókhaldi sínu þannig að hægt sé að greina rekstur samkvæmt einstökum samningum og þó sérstaklega fyrir húsnæði og velli. Það er grundvöllurinn til að geta gert samninga um rekstur þeirra á raunhæfan hátt. Á þessu þarf að taka við endurnýjun samninga.

Brugðist var vel við því hjá stærstu félögunum þegar skýrsluhöfundur óskaði eftir nánari vinnslu á upplýsingum úr bókhaldi félaganna um skiptingu einstakra rekstrarþátta og sundurliðun þeirra. Þetta ber að þakka.